



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2019

Janúar 2021

Myndir á forsiðu

1.1 Unnið var af kappi við Dýrafjarðargöng á árinu 2019.

1.2 Vatnaleið 56, snjóhreinsun, 23. mars 2019.

2.1 Veggreinir Vegagerðarinnar.

2.2 Hringvegur, Selfoss – Hveragerði, 1. áfangi í framkvæmd 6. september 2019.

7. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2019

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.

Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin
Borgartúni 7
105 Reykjavík
kt. 680269-2899

Janúar 2021

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Óskar Örn Jónsson

Uppsetning: Elín Esther Magnúsdóttir

Ljósmyndir: Starfsmenn eða verktakar Vegagerðarinnar nema annað sé tiltekið.

Prentun: Prentmet Oddi

Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2019



Öryggi — Framsýni — Þjónusta — Fagmennska

Reykjavík, janúar 2021

Efnisyfirlit

Kaflanúmer vísa í liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 1 á bls. 9.

Kaflar	bls.	Fylgiskjöl	bls.
Formáli forstjóra	6	Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður	36
4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar	8	Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2019	40
4.1 Fjármál	8	Suðursvæði	40
Skipting útgjalda	9	Vestursvæði	60
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar	10	Norðursvæði	74
Starfsmannahald	11	Austursvæði	84
Yfirstjórn	12	Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2019	94
Vaktstöð siglinga	12	Hafnarframkvæmdir	94
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	13	Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	94
Rannsóknir, líkantilraunir og grunnkort	14	Sjóvarnargarðar	100
Upplýsingaþjónusta	15	Fylgiskjal 4 Ársreikningur	102
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald	16		
4.1.4.1 Þjónusta	17	Töflur	bls.
Viðhald vegmerkinga	17	Tafla 1 Skipting útgjalda	9
Samningar við sveitarfélög	17	Tafla 2 Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar	11
Viðhaldssvæði	18	Tafla 3 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald	18
Vetrarviðhald	18	Tafla 4 Kostnaður við ferjur	20
Styrkir til almenningsgangna	19	Tafla 5 Kostnaður við innanlandsflug	20
Ferjur	20	Tafla 6 Rannsóknaverkefni	22
Landsamgöngur	20	Tafla 7 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi	24
Styrkir til almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu	20	Tafla 8 Skipting viðhaldskostnaðar	25
Styrkir til innanlandsflugs	20	Tafla 9 Viðhald bundinna slitlaga	27
Sameiginleg verkefni	21	Tafla 10 Styrkingar og endurbætur	31
Samgöngurannsóknir	21	Tafla 11 Landsvegir utan stofnvegakerfis	34
Skipulag sveitarfélaga	21	Tafla 12 Héraðsvegir	34
Ýmis verk	21	Tafla 13 Styrkvegir	34
4.1.4.5 Rannsóknir	22	Tafla 14 Girðingar	35
4.1.4.6 Viðhald	24	Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði	58
Efnisvinnsla	27	Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði	72
Viðhald bundinna slitlaga	28	Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði	82
Viðhald malarvega	29	Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði	92
Styrkingar og endurbætur	29	Tafla: Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir	94
Brýr og varnargarðar	31		
Umferðaröryggi	32		
Veggöng	32		
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	32		
Viðhald girðinga	32		
Frágangur gamalla efnisnáma	33		
Minjar og saga	33		
4.1.5 Stofnkostnaður	34		
Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu	34		
Stofnkostnaður / framkvæmdir	34		
Girðingar	34		
Héraðsvegir	34		
Styrkvegir	35		
Reiðvegir	35		
Framkvæmdir, vitar og hafnir	35		

Súlurit	bls.
Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar	10
Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	10
Súlurit 3 Fjárveitingar til almennrar þjónustu	16
Súlurit 4 Kostnaður við almenna þjónustu	16
Súlurit 5 Fjárheimildir til vetrarviðhalds	16
Súlurit 6 Kostnaður við vetrarviðhald	18
Súlurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári	25
Súlurit 8 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega	26
Súlurit 9 Kostnaður við viðhald þjóðvega	27
Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar	35


Línurit	bls.
Línurit 1 Þróun aksturs á stofn-, tengi- og landsvegum frá árinu 1995	26



Framkvæmastjórn Vegagerðarinnar árið 2019. Efri röð f.v. Stefán Erlendsson forstöðumaður lögfræðideildar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri Austursvæðis, Gunnar H. Guðmundsson svæðisstjóri Norðursvæðis, Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis, Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vestursvæðis. Neðri röð f.v. Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri, Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs og Magnús Valur Jóhannsson framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs.



Djúpvegur (61). Framkvæmdir við verkið Seyðisfjörður – Hestfjörður í Ísafjarðardjúpi, 9. ágúst 2019.



Formáli forstjóra

Fjárframlög til Vegagerðarinnar voru rúmir 35 milljarðar króna árið 2019 sem er rúmlega einum og hálfum milljarði lægri upphæð en 2018 á verðlagi 2019. Framlag til Vegagerðarinnar var 1,17 % af vergri landsframleiðslu sem er örlítið lægra en árið á undan.

Fjárheimildir til þjónustu við vegakerfið árið 2019 voru um 5,3 milljarðar króna. Notkun á vegakerfinu hefur aukist mikið og breyst á undanförunum árum með auknum straumi ferðamanna og breyttri atvinnusókn bæði í þéttbýli og dreifbýli. Árið 2019 minnkaði umferðin þó aðeins miðað við árið á undan. Eknir kílómetrar voru 2.901 milljónir en voru 2.936 milljónir ekinna km árið 2018.

Vegakerfið sem Vegagerðin annast viðhald á er 12.898 km. Um 43% veganna eru með bundnu slitlagi eða um 5.500 km. Árið 2019 voru nýlagnir af bundnu slitlagi 50 km. Fjárveiting til viðhalds vega var 9.260 m.kr. á árinu. Heildarkostnaður við viðhald var nokkru hærri og var því skuld í viðhaldsfjárveitingum við lok árs 2019 um 330 m.kr.

Til nýframkvæmda fóru 13.085 m.kr. á árinu sem er um 1.300 m.kr. meira en árið áður.

Meðal verkefna má nefna Þingvallavegin sem var opnaður með viðhöfn í september en framkvæmdin var um margt sérstök enda mikil áhersla lögð á að sem minnst rask yrði af vegaf framkvæmdum.

Nýr vegkaflí og brú í Berufirði var vígður í ágúst en þar með styttist Hringvegurinn um 3,6 km. Með tilkomu hins nýja vegar náðist einnig það markmið sem unnið hafði verið að í fjóra áratugi, að koma bundnu slitlagi á allan Hringveginn.

Fyrsta áfanga tvöföldunar Hringvegur milli Hveragerðis og Selfoss lauk á árinu, þá var kláruð ný brú á Skaftártunguvegi um Eldvatn og hafist handa við tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar. Áfram var unnið að Dýrafjarðargöngum á árinu og náðist að slá í gegn 12. apríl, tveimur mánuðum á undan áætlun. Þá var haldið áfram framkvæmdum við Dettifossveg.

Nýr Herjólfur kom til Vestmannaeyja 15. júní sem var mikið gleðiefni bæði hjá Vegagerðinni og íbúum Eyja en nokkuð langur aðdragandi var að komu ferjunnar. Formleg móttaka var haldin í Friðarhöfn og fylgdist fjöldi fólks með þegar Herjólfur nýi og gamli sigldu saman til Vestmannaeyja og létu skipslúðra dynja.

Árið 2019 létust sex manns í umferðarslysum sem er talsverð fækkun frá fyrri árum. Þetta er ánægjulegt en betur má ef duga skal enda fjöldi alvarlega slasaðra svipaður og fyrri ár og minniháttar slysum fjölgaði milli ára. Vegagerðin vann að fjölmörgum umferðaröryggisaðgerðum árið 2019. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og að útrýma svartblettum á 75 stöðum á vegakerfinu. Auk þess unnu þjónustustöðvar við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum.

Einbreiðar brýr eru skilgreindur óhættuþáttur á vegakerfinu og var unnið að fækkun þeirra líkt og undanfarin ár. Byggðar voru sjö brýr í stað einbreiðra brúa og voru þá eftir



Skipurit Vegagerðarinnar frá 1. september 2019.



Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar.

36 einbreiðar brýr á Hringvegi. Vegagerðin ákvað að lækka hámarks hraða í 50 km/klst. við allar einbreiðar brýr á þjóðvegum þar sem umferð er meiri en 300 bílar á dag. Viðvörðunarskiltum við einbreiðar brýr var breytt, bætt var við undirmerkjum á ensku og sett upp viðvörðunarljós.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti 150 m.kr. í 88 verkefni árið 2019. Verkefnin voru af fjölbreyttum toga. Um 220 manns sóttu árlega rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar sem haldin var í Hörpu.

Föstum starfsmönnum hjá Vegagerðinni fjölgaði nokkuð á árinu, voru 300 í lok árs 2019 samanborið við 292 árið áður. Þessi fjölgun er í takt við aukin verkefni.

Verkefnastofa Borgarlínu tók formlega til starfa 6. júlí. Verkefnastofan starfar á grundvelli samkomulags milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, sem lagður var grunnur að í samgönguáætlun.

Skrifað var undir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins 27. september en það er samkomulag ríkisins við sex sveitarfélög um uppbyggingu samgönguinnviða og almenningssamgangna til fimmtán ára. Heildarfjármögnun samgönguframkvæmda á svæðinu á tímabilinu er 120 milljarðar króna.

Vegagerðin heldur áfram að færa sig til nýrri tíma. Þannig var tekið upp nýtt rafrænt útboðskerfi og því heyrja opinberir opnunarfundir sögunni til. Einnig er nú aðeins tekið við rafrænum reikningum.


Mikið óveður gerði í lok árs 2019 sem sló út rafmagni víða á Norðurlandi. Starfsmenn Vegagerðarinnar höfðu í nógu að snúast og til að mynda svöruðu þjónustufulltrúar umferðarþjónustunnar 2.500 símtölum á tveimur dögum í síma 1777.

Unnið var að stefnumótun Vegagerðarinnar veturinn 2018-2019.

Stefnumótunarvinnan var viðamikil þar sem stór hluti starfsmanna hafði aðkomu. Meðal fjölmargra niðurstaðna stefnumótunarvinnunnar voru breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar. Meðal breytinga má nefna að deildir sem tilheyrðu siglingasviði falla nú undir önnur svið. Þá leit nýtt þjónustusvið dagsins ljós en samhliða stofnun þess var ákveðið að þjónusta yrði fjórða gildi stofnunarinnar ásamt öryggi, framsýni og fagmennsku.

Önnur afurð stefnumótunarinnar var stefnan sjálf sem endurspeglast í nýju stefnuhjól Vegagerðarinnar. Í miðju hjólsins eru öruggar samgöngur sem önnur starfsemi hverfist um; skipulag og starfsemi Vegagerðarinnar, þjónusta við veg og sjófarendur, upplýsingagjöf og þekkingarmiðlun og samþætting samgöngumáta. Að lokum varð til verkefnalisti sem unninn var upp úr fjölmörgum athugasemdum starfsmanna og annarra sem að stefnumótunarvinnunni komu.

Bergþóra Þorkeldsdóttir
forstjóri Vegagerðarinnar



4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2019 byggist á fjárlögum fyrir árið 2019.

4.1 Fjármál

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi ný lög um opinber fjármál. Hafa þau í för með sér miklar breytingar fyrir Vegagerðina. Með lögunum er mörkun tekna afnumin, þannig að bensingjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald eru ekki lengur markaðar tekjur og renna ekki lengur til Vegagerðarinnar. Á fjárlögum er fjármunum ekki lengur veitt til einstakra stofnana eða verkefna heldur eru fjárveitingar nú til málefnasviða og málaflokka. Vegagerðin og Hafnarframkvæmdir heyra undir málefnasvið 11, samgöngur og fjarskipti og þar undir málefnaflokk 11.10, samgöngur. Allar fjárveitingar eru núna bein framlög úr ríkissjóði og skiptast í rekstrar- og tilfærsluframlag annars vegar og fjárfestingaframlag hins vegar. Nú skal eignfæra eignir, sem áður voru gjaldfærðar allt frá varanlegum rekstrarfjármunum til samgöngutækja og mannvirkja eins og vega og hafna.

Ákveðið hefur verið að Vegagerðin fari með eign vegakerfisins, vitabygginga og Landeyjahafnar auk ferja.

Viðfangsefnaliðum hjá Vegagerðinni og Hafnarframkvæmdum hefur einnig verið breytt. Liðum Vegagerðarinnar var fækkað og liðir, sem áður heyrðu undir Hafnarframkvæmdir voru fluttir til Vegagerðarinnar. Hafnabótasjóður er nú eini liðurinn undir Hafnarframkvæmdum. Fjárukalög eiga einnig að heyra sögunni til og óvæntum útgjöldum á að mæta með framlögum úr varasjóðum, sem skilgreindir eru í fjárlögum. Fjárukalög voru hins vegar lögð fram og samþykkt fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Fjárframlög til Vegagerðarinnar eftir fjárlög voru 9.643,9 m.kr. í rekstur og tilfærslur og 24.636,2 m.kr. í fjárfestingar eða samtals 34.280,1 m.kr. Með fjárukalögum bættust við 258 m.kr. í tilfærslur og rekstur auk 87,5 m.kr. til almenningsgangna. Einnig var hækkuð fjárheimild um 532 m.kr. til Vestmannaeyjaferju vegna ófyrirséðs viðbótarkostnaðar við lokauppgjör á afhendingu nýrrar Vestmannaeyjaferju. Rekstrar- og tilfærsluframlög til Vegagerðarinnar á árinu 2019 voru því alls 9.989,4 m.kr. og fjárfestingaframlög 25.168,2 m.kr. Samtals voru þetta því 35.157,6 m.kr.



Fé kemur til byggða af Flateyjardal 4. september 2019.

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.	Fjárlög 2019	Fjár- aukalög og milli- færsla 2019	Fjár- veitingar 2019
<i>10-211 Vegagerðin</i>			
1.01 Almennur rekstur	904,9	-400,0	504,9
Yfirstjórn, skrifstofu- hald o.fl.	262,9		
Viðhald vita og leiðsögukerfa	200,0		
Vaktstöð siglinga	292,0		
Rannsóknir	150,0		
1.07 Þjónusta	5.331,8	200,0	5.531,8
Viðhald vegmerkinga	1.600,0		
Samningar við sveitarfélög	90,0		
Viðhaldssvæði	600,0		
Vetrarviðhald	3.041,8		
1.15 Styrkir til almenningsgangna	3.407,2	545,5	3.952,7
Ferjur og sérleyfi	2.055,5		
Styrkir til innanlandsflugs	464,5		
Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu	887,2		
6.10 Framkvæmdir á vegakerfinu			
Viðhald	9.260,0	500,0	9.760,0
Viðhald bundinna slitlaga	4.200,0		
Viðhald malarvega	1.200,0		
Styrkingar og endurbætur	1.890,0		
Veggöng	400,0		
Brýr og varnargarðar	800,0		
Umferðaröryggi	500,0		
Vatnaskemmdir	150,0		
Viðhald girðinga	85,0		
Frágangur gamla efnisnáma	30,0		
Minjar og saga	5,0		

Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr.	Fjárlög 2019	Fjár- aukalög og milli- færsla 2019	Fjár- veitingar 2019
Nýframkvæmdir			
Stofn- og tengivegakerfi	12.560,4	-500,0	12.060,4
Almenn verkefni	7.595,4	-500,0	
Tengivegir - bundið slitlag	800,0		
Breikkun brúa	405,0		
Hjóla- og göngustigar	250,0		
Jarðgöng	3.510,0		
Annað en stofn- og tengivegir	525,0	0,0	525,0
Héraðsvegir	100,0		
Landsvegir utan stofnvegakerfis	120,0		
Styrkvegir	100,0		
Reiðvegir	75,0		
Smábrýr	50,0		
Girðingar	60,0		
Samgöngurannsóknir	20,0		
6.20 Framkvæmdir, vitar og hafnir	760,8	0,0	760,8
Vitabyggingar	15,0		
Sjóvarnargarðar	115,0		
Landeyjahöfn	622,8		
Ferjubryggjur	3,0		
Hafna- og strandrannsóknir	5,0		
6.81 Vestmannaeyjaferja	800,0	532,0	1.332,0
6.82 Botndælubúnaður við Landeyjahöfn	730,0	0,0	730,0
Samtals:	34.280,1	877,5	35.157,6
10-241 Hafnarframkvæmdir			
6.70 Hafnabótasjóður	915,5	0	915,5

↑ **Tafla 1.** Skipting útgjalda.

Skipting útgjalda

Í töflu 1 er sýnd skipting fjárveitinga til 10-211 Vegagerðarinnar á árinu 2019.


Fjárlagatalan án sértekna var 34.280 m.kr. og var það í samræmi við gildandi samgönguáætlun. Ákveðið var að millifæra tímabundið 500 m.kr. frá nýframkvæmdum til viðhalds á árinu. Á fjárukaalögum bættust við 790,0 m.kr. og 87,5 m.kr. kom úr varasjóði ráðuneytisins sem styrkir til almenningsgangna. Heildarfjárveiting ársins var því 35.157,6 m.kr.

10-241 Hafnarframkvæmdir fengu auk þess 915,5 m.kr. skv. fjárlögum 2019.


4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Útgjöld til almenns rekstrar í fjárlögum 2019 voru 1.132,3 m.kr. Sértekjur voru 227,4 m.kr. þannig að fjárveitingin var 904,9 m.kr. Undir almennan rekstur heyrir viðhald víta sem var 200 m.kr. á árinu 2019, kostnaður vegna Vaktstöðvar siglinga, sem var 292 m.kr. og rannsóknir 150 m.kr. á árinu 2019.

Fjárveiting til eiginlegs rekstrar stofnunarinnar var því 262,9 m.kr. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið fyrir utan viðhald víta, Vaktstöð siglinga og rannsóknir er yfirstjórn Vegagerðarinnar, fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið og þróunarsvið.



← **Súturit 1.** Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2019.



← **Súturit 2.** Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Verg landsframleiðsla hefur verið leiðrétt miðað við innleiðslu Hagstofunnar á ESA2010 staðli í september 2014.



← Starfsmenn Vegagerðarinnar setja niður stikur á Hellisheiði.

Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 300 í lok árs 2019, í 296,3 stöðugildum en voru 292 í árslok 2018, í 287,9 stöðugildum. Meðalstarfsmannafjöldi var 337 árið 2019 en var 317 árið 2018.

Launagreiðslur voru 3.136 m.kr. á árinu 2019 og launatengd gjöld 737 m.kr. Tafla 2 sýnir fjölda fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.

	Höfuð- borgar- svæði	Suður- svæði	Vestur- svæði	Norður- svæði	Austur- svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	6	1	1	4	0	12
Fræðagarður	7	0	2	1	1	11
Kjarafélag tæknifræðinga	0	0	0	0	0	0
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	14	0	0	0	0	14
Kjararáð	0	0	0	0	0	0
Rafiðnaðarsamband Íslands	2	0	0	0	0	2
Samiðn	0	1	14	9	7	31
SFR stéttarfélag almannáþjónustu	32	8	11	8	3	62
Starfsgreinasamband Íslands	7	7	10	21	0	45
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	2	0	0	0	0	2
Stéttarfélag lögfræðinga	4	0	0	0	0	4
Stéttarfélag verkfræðinga	51	3	7	10	2	73
Stéttarfélag tölvunarfræðinga	4	0	0	0	0	4
Verkstjórasamband Íslands	10	4	13	6	7	40
Fastir starfsmenn 1. janúar 2020	139	24	58	59	20	300
Fastir starfsmenn 1. janúar 2019	107	34	65	64	22	292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2018	97	40	66	63	22	288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2017	105	41	66	61	23	296
Fastir starfsmenn 1. janúar 2016						296
Fastir starfsmenn 1. janúar 2015						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2014						293
Fastir starfsmenn 1. janúar 2013						281
Fastir starfsmenn 1. janúar 2012						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2011						292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2010						302
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007						320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006						328
Fastir starfsmenn 1. janúar 2005						327

Yfirstjórn

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið; yfirstjórn Vegagerðarinnar og fimm svið stofnunarinnar þ.e.a.s. fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórar sviða. Fjármálasvið skiptist í fjórar deildir; fjárreiðudeild, launadeild, rekstrardeild, upplýsingatæknideild og teymi greiningar. Mannvirkjasvið skiptist í fimm deildir; framkvæmdadeild, hafnadeild, hönnunardeild, jarðefnadeild og jarðgangadeild.

Þjónustusvið skiptist í almenningssamgangnadeild, tækjadeild, vegþjónustudeild og vöktunardeild. Þróunarsvið skiptist í áætlanadeild, rannsóknadeild, skipulagsdeild og umferðardeild.

Skrifstofa forstjóra skiptist í gæðadeild, lögfræðideild, mannauðsdeild og samskiptadeild. Innri endurskoðun heyrir undir forstjóra í skipuriti.

Vaktstöð siglinga

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Frá 1. júlí 2013 hefur Vegagerðin (áður Siglingastofnun) haft fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar.

Samgöngustofa sinnir alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Með sérstökum þjónustusamningi frá 8. janúar 2010 fól Siglingastofnun Íslands Neyðarlínunni ohf. að annast daglegan rekstur Vaktstöðvarinnar. Vegagerðin yfirtók þennan samning 1. júlí 2013. Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa.

Vaktstöð siglinga sinnir tilkynningakerfi um komur og brottfarir skipa, sem fer í gegnum SafeSeaNet. Vakstöðin fær upplýsingar í gegnum SafeSeaNet um flutning hættulegra efna, farþegalista, o.fl.

Í notkun í Vaktstöð siglinga eru nú, auk SafeSeaNet, upplýsingakerfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og LRIT (Long Range Identification and Tracking), sem er tilkynningakerfi kaupskipa innleitt af IMO, Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Vaktstöð siglinga rekur einnig AIS kerfið og eru alls 42 landstöðvar uppsettar í árslok 2019. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílar (130 km).



Kópanesvíti á Vestfjörðum var byggður 1971.



Garðskagavitarnir, bæði nýi og gamli.



Vítar, upplýsinga- og leiðsögukerfi

Hlutverk Vegagerðarinnar er að sjá sjófarendum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum við landið fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga. Til slíkra leiðbeininga telst m.a. landsvitakerfið sem Vegagerðin rekur ásamt öldumælisduflum, strandveðurstöðvum, radarsvörum og siglingabaujum sem eru fyrir utan hafnsögu einstakra hafna, en veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingarmerkja. Vegagerðin rekur einnig upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur og birtir á heimasíðu sinni.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í rekstur raf- og ljósabúnaðar annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum. Nauðsynlegt er að halda við ytra byrði vita vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar og vitarnir margir hverjir á stöðum sem eru útsettir fyrir saltroki og miklum vindum.

Á árinu 2019 var farið í almennt viðhald á 15 vitum sem felst í málningar- og múrvinnu ýmiskonar ásamt þrífum: Stafnesviti, Reykjanesviti aukaviti, Hólmsbergsviti, Bjargtangaviti, Bjarnareyjarviti, Kögurviti, Glettinganesviti, Ketilflesviti, Papeyjarviti, Hvalnesviti, Hvanneyjarviti, Alviðruhamraviti, Selvogsviti, Hópnesviti og Álftanesviti.

Flestir landsvítar voru heimsóttir til tækjaeftirlits á vitabúnaði, vegna fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar.

Sinnt var almennu viðhaldi á siglingabaujum og þær þrífur á sjó og rafhlöður endurnýjaðar í ljósduflum. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavitum sem tilheyra upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur voru einnig yfirfarnar en lögum samkvæmt ber Vegagerðinni einnig að beiðni Veðurstofu Íslands að reka veðurstöðvar í vitum þar sem óskað er eftir því. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir.

Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem uppfærðar eru á að mestu klukkustundar fresti. Nú eru alls 11 öldudufli í rekstri með ströndum fram.



Duflíð við Hörgárgrunn í eftirliti.



Vaktstöðvar Vegagerðarinnar eru tvær, í Reykjavík og á Ísafirði. Starfsmenn vaktstöðvanna fylgjast með færð og veðri, sjá til þess að ræsa út bíla til að moka og hálkuverja og meta hvenær þarf að loka vegum. Einnig fylgjast þeir grannt með aðstæðum í jarðgöngum og bregðast við ef eitthvað bjátar á.

Rannsóknir, líkantilraunir og grunnkort

Á vegum Vegagerðarinnar er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari bæði úti á hafi og upp við hafnir og strendur, jarðvegsrannsóknum í höfnum, og gerð grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum tengdum sjóvörnum.

Á árinu var unnið við umsýslu og endurbætur á upplýsingarkerfinu Veður og sjólag sem birt er á heimasíðu Vegagerðarinnar. Þar eru settar fram rauntímaupplýsingar um öldur og veður við ströndina, ásamt öldu-, veður- og sjávarfallaspá nokkra daga fram í tímann. Hafsvæðum utan Grindavíkurhafnar og Húsavíkurhafnar var bætt á ölduspár á grunnslóð.

Á árinu var haldið áfram úrvinnslu sjávarborðsmælinga með greiningu sjávarfalla og sjávarborðsbreytinga vegna jarðskorpuhreyfinga og hnattrænnar hlýnunar. Unnið var að þróun á kerfi sjávarborðsmæla og verkefni sem gerir kleift að reikna öldur og sog úr sjávarfallamælingum í höfnum. Síðarnefnda verkefnið stuðlar að því að auka upplýsingagjöf um aðstæður í höfnum. Rannsóknum á flóðhæðum í Básendaflóðinu var haldið áfram. Þá var unnið við endurskoðun á viðmiðunarreglum við landhæð á lágsvæðum og unnið að yfirfærslu á dýptarmælingum yfir í GIS kerfi. Öll þessi verkefni voru unnin fyrir styrki frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Að tilstuðlan Vegagerðarinnar var unnið meistaraverkefni í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands þar sem beitt var nýrri aðferðafræði við mat á aftaka sjávarflóðum. Stefnt er að því að verkefnið, sem styrkt var af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar, nýttist við verkefni Vegagerðarinnar á sviði sjóvarna og við mat á lágmarks gólfkóta á lágsvæðum nærri strönd.

Unnið var að ýmsum rannsóknum sem tengjast vandamálum við sandflutninga við Landeyjahöfn. Meðal annars var sett upp strauma- og öldulíkan af Landeyjahöfn sem nýttist við frekari rannsóknir. Líkanið var unnið sem meistaraverkefni í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands.

Fylgst var með dýpi á Grynnslnum utan við Hornafjarðarós og unnið að undirbúningi að gerð sandfangara út í Einholtskletta vestan við Ósinn til að draga úr hættu á efnisskotum inn á Grynnslin.

Áfram var fylgst með strandbreytingum við Vík í Mýrdal.

Fyrir styrk frá rannsóknasjóði Vegagerðarinnar var haldið áfram með verkefni sem kallast Sandflutningar við Suðurströndina. Verkefnið felst í því að reikna á vikulegum grunni flutningsgetu öldu á sandi langs eftir strönd fyrir nokkra staði á Suðurströndinni.

Áfram var unnið við ölduspá og viðvörðunarkerfi fyrir ferðamannafjörur á Suðurlandi, Reynisfjöru, Víkurfjöru og Kirkjufjöru, fyrir styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Tekið var þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum PIANC og ráðstefnum á sviði strandverkfræði og hafnargerðar.

Unnið var að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum. Þar á meðal voru öldufarsreikningar fyrir sjókvísvæði á Austfjörðum fyrir Fiskeldi Austfjarða hf. og öldufarsreikningar á Kollafirði fyrir Nesvík fasteignir ehf. Þá hófst vinna við öldufarsreikninga á Skorradalavatni fyrir Orku náttúrunnar.

Upplýsingaþjónusta

Umferðaþjónusta þjónustusviðs sér um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar, en þjónusta við vegfarendur felst m.a. í margs konar kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Vegagerðin rekur nú öflugt upplýsingakerfi um færð, veður og ástand vega um allt land til að mæta auknum þörfum og kröfum vegfarandans um greinargóðar upplýsingar um flest það sem hann varðar þegar hann er á ferð um vegakerfið.


Safnað er saman fjölpættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og eru flest þessara mælitækja sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.




4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 5.331,8 m.kr. og þar af var viðhald vegmerkinga 1.600 m.kr. Auk þess voru millifærðar af almennum rekstri 200 m.kr. til að minnka hallann á vetrarviðhaldi.


Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til almenningsgangna 3.407,2 m.kr., í fjárukalögum voru 345,5 m.kr. og auk þess voru millifærðar 200 m.kr. af almennum rekstri til að minnka hallann, samtals var því fjárheimildin 3.952,7 m.kr.



← **Súlurit 3.** Fjárveitingar til almennrar þjónustu á verðlagi ársins 2019.



← **Súlurit 4.** Kostnaður við almenna þjónustu á verðlagi ársins 2019.



← **Súlurit 5.** Fjárveitingar til vetrarviðhalds á verðlagi ársins 2019.



4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum var 5.331,8 m.kr. Auk þess voru sértekjur rekstrardeildar og svæða, sem áætlaðar voru 198 m.kr. í fjárlögum. Alls voru því 6.191 m.kr. til ráðstöfunar. Verkefni í þjónustu skiptist í fjóra meginflokka, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 5.600 m.kr. á árinu 2019.

Viðhald vegmerkinga

Fjárheimildum til vegmerkinga, 1.600 m.kr. er ætlað að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.450 m.kr. á árinu 2019.

Samningar við sveitarfélög

Fjárheimild til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis, 90 m.kr. var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafila þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra, en frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið mikinn hluta þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 78 m.kr. á árinu 2019.



Varnarþjónusta með öryggisþúða er notuð sem árekstrarvörn við vinnu á umferðarmiklum vegum. Hér er einn slíkur á Hellisheiði sumarið 2019.



Gámabifreið lendir í vandræðum í hálfku á Hrafnseyrarheiði og fær aðstoð frá hjólaskóflu sem dregur hana upp á topp.





Hringvegur 1 á Holtavörðuheidi, óhapp, 3. mars 2019.

Viðhaldssvæði

Fjárheimildum var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 664 m.kr. á árinu 2019.

Vetrarviðhald


Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 3.408 m.kr. á árinu 2019.

Í töflu 3 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2019 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförunum árum hefur þjónustumagn að vetri til aukist. Munar þar mestu um meiri þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur aukin umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og sérþarfa vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna.

Súlurit 5 sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2010-2019 og súlurit 6 sýnir þróun í kostnaði sömu ár. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2019.

Svæði/ útgjaldaliður	Sameigin- legt m.kr.	Suður- svæði m.kr.	Vestur- svæði m.kr.	Norður- svæði m.kr.	Austur- svæði m.kr.	Samtals m.kr.
Vetrarviðhald	321	932	840	807	508	3.408

↑ **Tafla 3.** Skipting kostnaðar við vetrarviðhald.



← **Súlurit 6.** Kostnaður við vetrarviðhald á verðlagi ársins 2019.



Umferðarmerki eru af marg-
vislegum toga. Hér er eitt sem
varar ökumenn á vanbúnum
bílum við að aka lengra.



Mokað á Hrafnseyrarheiði milli
Dýrafjarðar og Arnarfjarðar.
Á sama tíma var unnið að
Dýrafjarðargöngum sem munu
leysa af hina illfæru heiði.



Styrkir til almenningsgangna

Gert var ráð fyrir 3.407,2 m.kr. fjárframlagi til þessa liðar á fjárlögum, en á fjárauka-
lögum var bætt við 345,3 m.kr. vegna halla á rekstri Vestmannaeyjaferju. Enn er
viðvarandi halli á þessum lið. Hallinn var 193,8 m.kr. í ársbyrjun. Upphaflegu ástæðu
þessa halla má rekja aftur til 2010 þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun og þau
vandamál sem enn er verið að glíma við litu dagsins ljós. Hallinn jókst hins vegar á
árinu þar sem afhending nýrrar Vestmannaeyjaferju tafðist með miklum tilkostnaði.
Gripid var til ráðstafana til að mæta þessum halla og voru 200 m.kr. af ónotuðum
fjárveitingum í rekstri millifærðar á þennan lið. Enn er þó halli á liðnum 204,2 m.kr.
í árslok.



Ferjur

Heildarkostnaður á árinu 2019 var 1.778,5 m.kr. Tafla 4 sýnir hvernig hið opinbera styrkti ferjuleiðir og flutninga á árinu 2019

	Rekstrarstyrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur	785,1	354,2	1.139,3
Breiðafjarðarferja, Baldur	270,5	0,1	270,6
Hríseyjarferjan, Sævar	124,9	26,5	151,4
Grímsýjarferjan, Sæfari	129,9	30,9	160,8
Mjóafjarðarferja	41,4		41,4
Norðurfjarðarflutningar	1,0		1,0
Sameiginlegur kostnaður		14,0	14,0
Samtals	1.352,8	425,7	1.778,5

↑ Tafla 4. Kostnaður við ferjur.

Landsamgöngur

Heildarkostnaður á árinu var 717,4 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til landsamgangna. Framlengdir voru samningar við öll samtök sveitarfélaga um rekstur landsamgangna út árið 2019 nema Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSS. Hallarekstur hefur verið á þessum rekstri hjá samtökum sveitarfélaga nú síðustu ár. Nýtt fyrirkomulag tók gildi árið 2020 varðandi landsamgöngur en samgönguráðuneytið hafði verið með það til endurskoðunar. Ákveðið var að Vegagerðin tæki við almenningssamgöngum 1. janúar 2020 en Austurbrú heldur áfram utan um almenningssamgöngur á sínu svæði.

Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárframlag til þessa liðar var 887,2 m.kr. Áformað er að byggja upp almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við aðra landshluta. Verkefnið er til 10 ára og skal verja hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna það.

Styrkir til innanlandsflugs

Fjárframlag til þessa liðar var 464,5 m.kr. Samningar um ríkisstyrkt áætlunarflug renna út 30. mars 2020.

Ríkisstyrkt áætlunarflug var til 6 áfangastaða á árinu 2019. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og frá Akureyri til Gríms-eyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Kostnaður ársins var 461,2 m.kr. og ljóst er að fjárveitingar duga ekki til að mæta verðbótum á samningum.

	Kostnaður m.kr.
10 Sameiginlegur kostnaður	0,7
20 Vestfjarðasvæði	146,9
30 Norðursvæði	138,0
40 Suðursvæði	175,6
Samtals	461,2

↑ Tafla 5. Kostnaður við innanlandsflug.



Tekið var á móti nýrri Vestmannaeyjaferju, Herjólfri, með viðhöfn laugardaginn 15. júní 2019.

Sameiginleg verkefni

Samgöngurannsóknir

Fjármögnun: Samgönguáætlun 2019

Unnið var m.a. að umfangsmestu könnun sem gerð hefur verið á ferðavenjum Íslendinga. Í fyrsta sinn náði ferðavenjukönnunin til alls landsins, en sambærilegar kannanir hafa verið gerðar fjórum sinnum áður fyrir höfuðborgarsvæðið. Einnig var unnið að verkefnum varðandi samgönguáætlun. Skoðað var hvaða leiðir eru færar í gjaldtökubúnaði við jarðgöng og gerð var fýsileikakönnun fyrir nokkrar vegaframkvæmdir.

Kostnaður: 12 m.kr.

Skipulag sveitarfélaga

Fjármögnun: Samgönguáætlun 2019, undirbúningur verka utan áætlunar

Vinna Vegagerðarinnar við að fylgjast með og gera athugasemdir við breytingar á skipulagi sveitarfélaga með tilliti til framtíðarskipulags vegakerfisins.

Kostnaður: 19 m.kr.

Ýmis verk

Fjármögnun: Samgönguáætlun 2019, undirbúningur verka utan áætlunar

Hlutur Vegagerðarinnar í vinnu við kortlagningu umferðarhávaða frá stofnvegum. Meðal annars innleiðing á samevrópska reiknilíkaninu fyrir umferðarhávaða, CNOSSOS. Lidar hæðarlíkan af höfuðborgarsvæðinu og kostnaður vegna endurmælinga á grunnstöðvaneti í samvinnu við Landmælingar Íslands var greiddur af þessum lið.

Kostnaður: 12 m.kr.

4.1.4.5 Rannsóknir

Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóð Vegagerðarinnar í byrjun árs. Auglýsingin birtist á vef Vegagerðarinnar, í Framkvæmdafréttum og í tölvupósti sem sendur er til þeirra sem sent hafa inn umsóknir undanfarin þrjú ár.

Í auglýsingunni var eftirfarandi texti varðandi áherslur: „Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar fyrir þessa flokka taka almennt mið af hlutverki rannsókna stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Varðandi einstaka flokka má nefna að fyrir mannvirki eru m.a. lagðar áherslur á rannsóknir tengdar öllum gerðum slitlaga og því sem eykur gæði þeirra og endingu. Jafnframt er lögð áhersla á sjávarrannsóknir (flóð, öldufarsupplýsingar o.s.frv.). Umferðaröryggismál almennt, eru ávallt í brennidepli og lögð er áhersla á verkefni sem því tengjast, m.a. ýmis konar gagnaöflun þar að lútandi. Varðandi umhverfismál er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og betri nýtingu auðlinda.“

Umsóknarfrestur rann út 30. janúar 2019. Alls bárust 132 umsóknir að upphæð 307,4 m.kr. Þetta er sambærileg tala umsókna miðað við árið á undan. Alls var veitt 150 m.kr. í 88 verkefni. Meðalfjöldi styrkja á ári frá 2005 til og með 2018 er um 100. Heildarupphæð styrkja er svipuð og undanfarin ár, utan 2013, þegar upphæðin var 159 m.kr. Á fjárlögum fyrir 2019 voru sjóðnum markaðar 150 m.kr. Lista yfir flest verkefni sem fengu styrk árið 2019 er að finna í töflu 6 (ath. flokkun verkefna er samkvæmt ákvörðun umsækjanda).

↓ **Tafla 6.**
Rannsóknaverkefni.

Mannvirki	
Áhrif 5G á samgönguinnviði í framtíðinni	Mikilvægi mótlægra umferðarljósa
Áreiðanleikagreining brúa vegna jarðskjálfta á Suðurlandsbrotabeltinu	Notkun á yfirborðsbylgjum við mat á stífneiginleikum jarðvegs og jarðvegsfyllinga
Basalttrefjar til styrkinga í sprautusteypu COST TU1406 - BridgeSpec	Notkun Coltrack við að gera malarvegi að bundu slitlagi á Íslandi
Efnisgæðaritid - leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur	Notkun þurrdokku og efnisins Humidur við bryggjuviðgerðir
Einkenni jarðskjálftasvörunar hraunlaga undir vegum og brúm út frá mælingum á jarðóróa	Seismic vibration control of bridges with nonlinear tuned mass dampers.
Endurskoðun á líkindadreifingu ölduhæðar á hafinu umhverfis Ísland	Slitlög
Endurskoðun burðarþolsleiðbeininga Vegagerðarinnar	Tæring á hægtryðgandi stáli við íslenskar aðstæður
Handbók fyrir framkvæmdaefirlit hjá Vegagerðinni	Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi
Jarðþrýstingur vegna jarðskjálftaáráunar á brýr og stoðveggi á svæðum þar sem um háa jarðskjálftahröðun er að ræða	Umhverfisvæn brúarsteinsteypa - 2. áfangi
Kortlagning á mögulegum skriðflötum í berghlaupaseti í Almenninum á Tröllaskaga með TDR aðferð	Veflausn með daglegum rennisspám sem byggir á hliðstæðri greiningu veðurgagna
Mat á aðgerðum sem stuðla að bættu öryggi vegkafla og vegamóta - TARVA aðferðin	Vegorðasafn - skilgreiningar og skýringar á hugtökum
Meðhöndlun óvissrar framtíðar í sveigjanlegri og aðlögunarhæfri skipulagsgerð fyrir hafnir	Yfirfærsla á dýptarmælingum í GIS kerfi og rannsókn á dýptarbreytingum í höfnum við Ísland
	Þróun á endafrágangi brúarmannvirkja til að lágmarka viðhald vega við brúarenda

→

Skafartúnguvegur (208) um Eldvatn. Búið að leggja fyrri lag klæðingar á veginn og var umferð hleypt á nýjan veg og brú 12. september 2019. Mynd tekin 6. september 2019.



Umferð

Akstur erlendra ferðamanna um Hringveginn, Snæfellsnes og Vestfirði	Hönnunarforsendur og samræming veglýsingar í þéttbýli og dreifbýli
Áhrif vinds á farartæki	Leiðarveðursráðgjafar Veðurstofu Íslands
Áreiðanleikaprófun og kvörðun hálkumæla	NorDust II - Líkanreikningar á svifryksmengun vegna umferðar
Breytileg umferðarmerki	Notkun reiknilegra straumfræðilíkana við mat á slysaáætluðum ökutækjum
Djúpgreining slysa, með meiðslum, við framanákeyrslu, 2014-2018	Samanburður á ferðatíma Strætó og einkabílsins innan höfuðborgarsvæðisins
Farsímagögn inn í umferðarlíkan – fyrstu skref	Stoppistöðvar á þjóðvegum - Hönnunarleiðbeiningar
Greina aðstæður fyrir óvarða vegfarendur með myndgreiningu	
Greining á kerfum og vinnuumhverfi í vaktstöð Vegagerðarinnar	

Umhverfi

Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi	Endurrunnið malbik á Íslandi
Áhrif breytinga Skeiðarárjökuls á farveg og rennsli Súlu	Grímsvatnahlaup: Vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Áhrif vega á þéttleika fugla	Hefur fjölgun kærúma vegna framkvæmdaleyfa haft áhrif á mat á umhverfisáhrifum?
Áreiðanleiki hviðuspáa í Harmonie-Arome líkaninu, fylgni spáa, viðvarana og mælinga	Landmótun fornra ísstrauma á Norðausturlandi
Decarbonization Scenarios for the Reykjavik's passenger transport: The combined effects of behavioral changes and technological developments	Ólafsfjarðarvegur við Sauðanes. Stöðuskýrsla mælinga á snjóflóðapili
Deiliskipulag á lágsvæðum - Leiðbeiningarit	Rannsóknir á snjóflóðum ofan Flateyrarveggar
Deiliskipulag þjóðvega í þéttbýli	Sjálfbærnimat íslenskra vegafarmvæmda - framhald
	Þróun vatnsgeyma undir sigkötum Mýrdalsjökuls séð með íssjá

Samfélag

Áhrif af innleiðingu deilibíla á ferðavenjur og bílaeign	Samflutningur farþega og farms - bættar almenningsamgöngur á landsbyggðinni
Félagsleg vistferilsgræining	Sjálfbært höfuðborgarsvæði 3: Búsetustaðsetning og ferðamatár ungs fólks
Hugsanleg áhrif skýrslu World Health Organization um umhverfishljóð í Evrópusambandinu á löggjöf á Íslandi	

4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2019 var 9.260 m.kr. Til viðbótar var fengið að láni 436 m.kr. frá nýframkvæmdum tímabundið. Skuld vegna viðhaldsverkefna í lok árs 2018 var 193 m.kr.

Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokkka; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald vega var 9.833 m.kr. á árinu 2019. Skuld í viðhaldsfjárveitingum í lok árs 2019 er því 330 m.kr.

Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.898 km og var umferð á þeim árið 2019 um 2.901 milljónir ekinna km. Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í töflu 7 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2019.

Svæði / vegflokkur	Höfuðborgar-svæði km	Suður-svæði km	Vestur-svæði km	Norður-svæði km	Austur-svæði km	Samtals km	Hlutfall
Stofnvegir	129	908	1.319	1.176	887	4.419	34%
Tengivegir	62	871	929	1.091	447	3.400	26%
Héraðsvegir	39	672	739	848	335	2.633	20%
Landsvegir		591	226	682	470	1.969	15%
Stofnvegir um hálendi		276	40	164		480	4%
Samtals km	230	3.318	3.253	3.961	2.139	12.901	100%

↑ **Tafla 7.** Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.





Unnið að forprófunum við gömlu brúna yfir Steinavötn sem skemmdist í flóðum haustið 2017.




Eyjafljótaleið (F821) á hálendinu var opnuð 26. júní 2019. Leiðin er ein þriggja leiða af Sprengisandsleið, norðan megin.



→ **Súlurit 7.** Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.


↓ **Tafla 8.** Skipting viðhaldskostnaðar 2019.



Svæði/útgjaldaliður	Sameiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Samtals m.kr.
Efnisvinnsla	0	-78	23	-6	43	-18
Viðhald bundinna slitlaga	91	2.431	930	818	549	4.819
Viðhald malarvega	3	243	412	381	120	1.159
Styrkingar og endurbætur	40	876	299	388	199	1.802
Brýr og varnargarðar	44	257	40	158	198	697
Umferðaröryggi	49	133	110	101	83	476
Veggöng	9	326	56	76	70	537
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	2	28	39	77	79	225
Viðhald girðinga	0	18	38	45	10	111
Frágangur gamalla efnisnáma	4	1	4	9	2	20
Minjar og saga	5	0	0	0	0	5
Samtals	247	4.235	1.951	2.047	1.353	9.833



Eknir m.km.




↑ Borgarfjarðarvegur (94), framkvæmdir á Vatnsskarði, 5. september 2019.

↘ Efnisvinnsla ofan Kleifabúa á Vestfjörðum í júlí.


← **Línurit 1.** Þróun aksturs á stofn-, tengi- og landsvegum frá árinu 1995.

m.kr.



← **Súlurit 8.** Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega á verðlagi ársins 2019.

→ **Súlurit 9.** Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi ársins 2019.



Viðhald bundinna slítlaga 2019	m.kr.
Suðursvæði	2.431
Vestursvæði	930
Norðursvæði	819
Austursvæði	549
Miðstöð	91
Heildarkostnaður:	4.820

→ **Tafla 9.** Viðhald bundinna slítlaga.

Efnisvinnsla

Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malarslítlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2019 var kostnaður við öflun efnis 62 m.kr. umfram sölu efnis.



Viðhald bundinna slitlaga

Stærsti kostnaðarliður í viðhaldi rennur til viðhalds bundinna slitlaga. Fjármagnið er notað til yfirlagna og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu 2019 var 4.820 m.kr. Við ráðstöfun fjárens er mikilvægt að meta ástand eldri slitlaga og forgangsraða eftir aldri, skemmdum, hjólfaradýpt og umferðarmagni. Stærsti hluti bundinna slitlaga eru klæðingar, en malbik er notað í meira mæli á umferðarþyngri vegi og í og við þéttbýli.

Árlega er mikil vinna lögð í að ástandsmeta eldri slitlög og skrá þær upplýsingar í gagnagrunna Vegagerðarinnar til frekari úrvinnslu. Mjög mikilvægt er að allar upplýsingar um aldur og ástand bundinna slitlaga séu sem nákvæmastar og uppfærðar á hverju ári, með nýjustu upplýsingum um nýframkvæmdir og viðhald. Jafnframt þarf að endurskoða árlega kostnaðartölur um nýlagnir í klæðingum og malbiki. Nauðsynlegt er að uppfæra umferðartölur reglulega og skipta þeim niður á akreinar með sem bestri nákvæmni.

Allar upplýsingar um ástand slitlaga eru færðar yfir í viðhaldsstjórnunarforritið RoSy. Forritið er öflugt verkfæri sem hjálpar til við að reikna út hvaða vegarkafla, með tilliti til hagkvæmni, er best að ráðstafa viðhaldsfé til á komandi ári. Forritið reiknar auk þess út hvar ber að verja fé til fyrirbyggjandi viðhalds eða viðgerða áður en kemur að endurnýjun bundins slitlags.

Vegir með bundnu slitlagi eru samtals rúmlega 5.500 km og því er augljóst að viðhaldsstjórnunarforrit eins og RoSy er nauðsynlegt verkfæri til að hjálpa til að taka ákvarðanir um viðhald og endurnýjun á umfangsmiklu vegakerfi. Forritið reiknar einnig út allar kostnaðartölur á þeim aðgerðum sem það leggur til. Stór hluti forritsins er því línulegt bestunarlíkan sem reiknar hagkvæmi þess að ráðast í viðhald á viðkomandi vegarkafla strax, eða fresta aðgerðum fram til næstu ára. Að öllu jöfnu reiknar forritið til 12 ára, en Vegagerðin nýtir aðallega niðurstöður næstu 3ja ára.

Markmiðið með þessari aðferðarfræði er að nýta þá fjármuni sem lagðir eru til viðhalds bundinna slitlaga á hagkvæman og skilvirkan hátt og ná jafnframt fram auknum aðgerðum innan fjárheimilda málaflokksins. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn á undanfórnum árum þá hefur árangurinn verið góður, þar sem mun meiri skilningur er nú fyrir hendi á að fjármagn veitt til viðhalds samgöngumannvirkja er ávallt mjög arðsammt til lengri tíma.





Vestfjarðavegur (60).
Mótorhjólakúmenn koma niður
af Hrafseyrarheiði í Dýrafjörð,
11. ágúst 2019.



Viðhald malarvega

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malar-slítlaga, heflunar og rykbindingar. Um er að ræða ný malar-slítlög og endurnýjun á eldri slítlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2019 var 1.039 m.kr.

Styrkingar og endurbætur.

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slítlagi og malarvegum. Ljóst er að á næstu árum verður nauðsynlegt að ráðast í meira mæli í styrkingu vegakerfisins þar sem endurnýjun þess og viðhald er langt undir þörfum. Vegir landsins eru margir komnir til ára sinna og aldur þeirra almennt kominn fram yfir hannaðan líftíma.

Helstu verkefni svæða:

Suðursvæði: Endurmótun á 2,2 km hluta Biskupstungnabrautar 35-03 hófst haustið 2019. Kaflinn nær frá gatnamótum við Laugarvatnsveg 37-01 og um 2,2 km í átt að bænum Borg. Slítlag vegarins var lélegt og vegurinn missiginn. Hluti kafla 01 á Laugarvatnsvegi (37) var endurmótaður og styrktur á 4,6 km löngum kafla frá afleggjaranum að Þóroddsstöðum og 0,8 km austur fyrir Grafará. Vegurinn var breikkaður úr 6-7 m og upp í 8 m heildarbreidd með 7,8 m breiðri klæðingu, ásamt tilheyrandi lagfæringum á fláum. Þriðji og síðasti áfangi Laugarvatnsvegjar 37-01 var boðinn út á árinu og nær frá gatnamótum við Biskupstungnabraut (35-03/04) og að afleggjaranum að Þóroddsstöðum. Framhald verks á Bessastaðavegi (416), sem hófst árið 2018 og gert var grein fyrir í síðustu ársskýrslu, var þetta árið í formi lokafrágangs og fornleifarannsókna. Einnig voru unnin allmörg smærri verk á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2019 var 876 m.kr.



Þingvallavegur (36) var að
jafnaði breikkaður um tvo
metra og er nú 8 metrar á
breidd. Hann er malbikaður til
að bæta hljóðvist.
Mynd: Emil Þór Sigurðsson



Þingvallavegur (36) í
þjóðgarðinum eftir endurbætur.



Vestursvæði: Um 2 km kafli á Snæfellsnesvegi, 54-02, var fræstur og sementsfestur. Veglína breyttist lítið sem ekki neitt við þessa aðgerð en kafllinn var fyrir þessa aðgerð ósléttur og mikið var um viðgerðir. Krappar beygjur eru á þessum tiltekna hluta vegarins og höfðu þær áður verið styrktar með kaldbiki. Kafllinn var hluti af útboði „Þurrfræsingar á Vestursvæði 2019“. Á Vestfjarðavegi (60-02, 60-03 og 60-04) var vegyfirborð fræst, jafnað og bætt í veginn um 3.200 m³ af burðarlagsefni. Kafllarnir voru hluti af útboði „Þurrfræsingar á Vestursvæði 2019“. Á Djúpvegi (61-36) var vegyfirborð fræst með steinbrjóti sem hengdur var aftan í dráttarvél og burðarlagi bætt í veginn til afréttingar fyrir heflun. Vegurinn var síðan valtaður og klæddur. Einnig var lagfærð rofvörn á utanverðu Arnarnesi. Allmörg smærri verk voru auk þess unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2019 var 300 m.kr.

Norðursvæði: Unnið var að endurbótum á 4,43 km kafla á Hringvegi frá Holtavegi að flugvallarvegi við Blönduós (01-k9). Vegurinn var sementsfestur á tveimur köflum og þurrfræstur á einum kafla. Um 572 m³ af 0/22 mm burðarlagsefni var bætt í veginn. Á Hringvegi um Öxnadalshéiði (01-n1/p1) var endurbygging á þremur köflum, samtals um 2,2 km sem voru illa farnir af missigi. Á fyrri kaflanum var efni keyrt í vegfláa og þeir gerðir með halla 1:3 og ræsi voru lengd. Kafllinn var þurrfræstur, réttur af og endað á því að leggja á hann tvöfalda klæðingu. Hinn kafllinn var réttur af og sementsfestur. Á Hringvegi í Mývatnssveit (01-r0) var missig lagfært á tveimur köflum. Annar kafllinn er 1,27 km langur og er milli Vagnbrekku og Vindbelgs og hinn er 1,9 km langur og er við Neslönd. Á Siglufirði fóru fram endurbætur á Túngötu (Siglufjarðarvegi) og var verkið unnið í samstarfi við Fjallabyggð. Allmörg smærri verk voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2019 var 388 m.kr.

Austursvæði: Kafli (01-u4) á Hringvegi norðan Berufjarðar var sementsfestur og um 240 m³ af burðarlagi var bætt í kaflann sem síðan var svo klæddur. Á Hringveginum um Hvalnesskriður voru settir upp til reynslu 50 m af stálþili en það er gert til að reyna að fyrirbyggja grjóthrun á veginn. Auk þess var vegrás breikkuð og teknar skeringar. Á Axarvegi (939-01/02), var forbrotið efni sem var malað 2018 ekið út og vegurinn styrktur um 20 sm og yfirkeyrt síðan með 5-10 sm burðarlagi á 1,3 km kafla. Einnig voru fimm ræsi lengd um 3 m, vegrásir og beygjur voru lagaðar, og að lokum var sett malarslitlag yfir. Í Fellum á Héraði var vegur að Birnufelli (9305) styrktur og endurnýjaður. Veglínan var löguð og sprengt í burtu klapparhaft ásamt því að styrktarlagi var ekið í veginn. Allmörg smærri verk voru auk þess unnin á Austursvæði. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2019 var 199 m.kr.

Styrkingar og endurbætur 2019	m.kr.
Suðursvæði	876
Vestursvæði	300
Norðursvæði	388
Austursvæði	199
Miðstöð	40
Heildarkostnaður:	1.803

↑ **Tafla 10.** Styrkingar og endurbætur.

Brýr og varnargarðar

Unnið var við 44 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 80 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvrörnum. Mestu fé var varið í endurbyggingar á brúm eða endurnýjunar með ræsum um 337 m.kr. Þá var 131 m.kr. varið til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi á einbreiðum brúm. Þá var 105 m.kr. varið til viðgerða á eldri brúm. Stærstu einstöku verkefni í viðhaldi steyptra brúa er lokafrágangur á brú yfir Blöndu, slitgólf, seinni hluti og vegrið 115 m.kr. Þá var byggð ný brú um Loftsstaðaá í Flóa alls 78 m.kr. Um 2 m.kr. var varið til hreinsunar og smáviðgerða á brúm. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundanþága. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2019 var alls 697 m.kr.



← Jökullinn blasir við ægifagur þegar ekið er eftir Snæfellsnesvegi (54).

→ Hringvegur (±). Viðgerð á brú á Blöndu á Blönduósi, 2. september 2019.

Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 75 stöðum á vegakerfinu og var kostnaður við það rúmar 406 m.kr. Auk þess unnu þjónustustöðvar við lagfæringar á umhverfi vega og fleira á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni tæpar 16 m.kr.

Kostnaður vegna bættra merkinga við einbreiðar brýr, fyrst og fremst vegna uppsetningar viðvörðunarljósa við þær, var rúmlega 5 m.kr. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóra 15 m.kr. vegna úrvinnslu gagna úr sjálfvirkum hraðamyndavélum á árinu 2019. Til kaupa á, reksturs og umsjónar með sjálfvirkum hraðamyndavélum og tengdum tækjabúnaði var varið rúmlega 25 m.kr. Rúmum 8 m.kr. var varið til umsjónar með verkefninu, en greining slysastaða fellur þar undir, og til umferðaröryggisúttekta.

Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2019 var um 476 m.kr.

Veggöng

Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 37,6 km. Kostnaður vegna reksturs og viðhalds jarðganga var um 537 m.kr. á árinu 2019.

Vatnaskemmdir og ófyrirséð

Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2019 var rúmar 146 m.kr.


Viðhald girðinga

Samkvæmt 52. gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2019 vegna viðhalds girðinga var 101 m.kr.



→

Um 300 þúsund vegstikur eru meðfram vegum landsins. Þær eru allar framleiddar í verksmiðjunni SET á Selfossi.



→

Framkvæmdir við Dettifossvog (862).

↙

Slegið var í gegn með hátíðarsprengingu í Dýrafjarðargöngum 17. apríl að viðstöddu fjölmenni. Það var samgönguráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson sem sprengdi síðustu sprenginguna. Starfsmenn Metrostav stilla sér upp fyrir myndatöku í göngunum.



Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnánum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnánum, sem unnin var í júní 2004, var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnánum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á samgönguáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið hægar en áætlað var og á árunum 2004-2019 hefur verið gengið frá 446 námum, eða að meðaltali um 28 námum á ári. Á árinu 2019 var lokið við frágang á 17 námum. Kostnaður við frágang á gömlum námum á árinu 2019 var um 18 m.kr. Í árslok 2019 eru á skrá Vegagerðarinnar 39 ófrágengnar eldri námur, sem tilheyra verkefninu um frágang eldri efnisnáma og því er ljóst að ekki hefur enn verið lokið við frágang eldri náma en fyrirhugað var við gerð langtímaáætlunar að ljúka við þá vinnu á árinu 2018. Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki eru þó nema 39 námur eftir af námum á áætluninni þrátt fyrir að einungis hafi verið gengið frá 446 námum. Þar má helst nefna að nokkuð algengt er að námur sem voru nálægt hverri annari og í sömu jarðmyndun hafi verið sameinaðar undir einu námunúmeri. Einnig er nokkuð algengt að landeigandi hafni því að gengið sé frá námu á hans landareign og er naman þá fjarlægð úr langtímaáætlun. Í mörgum tilvikum hafa námur sem voru á langtímaáætlun verið metnar þannig að ekki sé þörf á frágangi og eru þetta yfirleitt lítil, grunn uppgróin námuvik.

Stefnt er að því að ljúka við þetta verkefni á næstu tveimur árum

Minjar og saga

Fjárheimild var varið til að styrkja minjasafnið á Skógum. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2019 var um 5 m.kr.

4.1.5 Stofnkostnaður

Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu

Liðirnir viðhald og stofnkostnaður við vegi hafa verið sameinaðir undir liðnum framkvæmdir á vegakerfinu. Við fjárlög fékk liðurinn 22.345,4 m.kr. Viðhaldið fékk af þessu 9.260 m.kr. en afgangurinn 13.085,4 m.kr. fór í nýframkvæmdir.

Stofnkostnaður / framkvæmdir

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegaf framkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

Girðingar

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málaflokki. Kostnaður við girðingar á árinu 2019 nam 41 m.kr. Sjá skiptingu milli landshluta í töflu 14.

Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 41 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2019 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 12.

Svæði	Kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	49,3
Vestursvæði	17,7
Norðursvæði	44
Austursvæði	20,7
Samtals	131,7

← Tafla 11. Landsvegir utan stofnvegakerfis.

Svæði	Kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	19,6
Vestursvæði	11,5
Norðursvæði	9,4
Austursvæði	0,4
Samtals	40,9

← Tafla 12. Héraðsvegir.

Svæði	Kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	18,7
Vestursvæði	21,1
Norðursvæði	25
Austursvæði	17,9
Samtals	82,7

← Tafla 13. Styrkvegir.

→

Föstudaginn 24. maí hófst vinna við að draga burðarvirki nýrrar brúar yfir Eldvatn yfir ána. Brúin er á Skaftártunguvegi (208). Gamla brúin skemmdist mikið í Skaftárhlaupi 2015 og ákveðið var að byggja nýja brú enda burðarvirki þeirrar gömlu verulega laskað. Nýja brúin er stálbogabrú, smíðuð í Póllandi.



Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2019 nam 83 m.kr. og skiptist eins og fram kemur í töflu 13.

Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2019 nam 67,3 m.kr. Fjárhæðinni var úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga.


Framkvæmdir, vitar og hafnir

Framlag til vitabygginga var samkvæmt fjárlögum 15 m.kr., til sjóvarnargarða 115 m.kr. og Landeyjahöfn 623 m.kr. auk 730 m.kr. fyrir botndælubúnað.

→ **Tafla 14.** Girðingar.

Svæði	Kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	13,2
Vestursvæði	13,5
Norðursvæði	10,5
Austursvæði	3,5
Samtals	40,7

→ **Súlurit 10.** Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2019.



Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður

Samgönguáætlun 2019. Framkvæmdir vegir

Suðursvæði I

Vegnr.	Kafln.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
		Undirbúningur verka utan áætlunar		50
1		Hringvegur		
	b5		Jökulsá á Sólheimasandi	20
	d2-d5		Norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá	10
	d6		Biskupstungnabraut – Varmá	1.250
30		Skeiða- og Hrunamannavegur		
	08		Einholtsvegur – Biskupstungnabraut	100
208		Skaftártunguvegur		
	00		um Eldvatn	150
		Samtals Suðursvæði I		1.580

Suðursvæði II (Reykjavík og Suðvestursvæði)

Vegnr.	Kafln.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
		Undirbúningur verka utan áætlunar		50
1		Hringvegur		
	f3		Skarhólabraut – Hafravatnsvegur	510
	f5-f6		um Kjalarnes	200
41		Reykjanesbraut		
	12		undirgöng í Kópavogi, skuld	100
	14		Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur	1.000
43		Grindavíkurvegur		
	01		Reykjanesbraut – Blaalónsvegur	700
		Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur		200
		Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu		40
		Öryggisaðgerðir		100
		Göngubrýr og undirgöng		150
		Borgarlína, undirbúningur		300
		Samtals Suðursvæði II		3.350

Vestursvæði

Vegnr.	Kaflnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
			Undirbúningur verka utan áætlunar	50
54		Snæfellsnesvegur		
	10		um Fróðárheiði	250
60		Vestfjarðavegur		
	25-28		um Gufudalssveit	100
61		Djúpvegur		
	34		Hestfjörður – Seyðisfjörður	550
509		Akranesvegur		
	02		Faxabraut, hækkun vegar og sjónvörn	100
643		Strandavegur		
	09		um Litlu Kleif í Norðurfirði	40
Samtals Vestursvæði				1.090

Norðursvæði

Vegnr.	Kaflnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
			Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1		Hringvegur		
	r6		Jökulsá á Fjöllum	5
862		Dettifossvegur		
	02-03		Súlnalækur – Ásheiði	600
Samtals Norðursvæði				655

Austursvæði

Vegnr.	Kaflnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
			Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1		Hringvegur		
	v4-v5		um Berufjarðarbotn	300
	x6-x9		um Hornafjörð	10
	y2		um Steinavötn	100
94		Borgarfjarðarvegur		
	06-07		um Vatnsskarð	360
	07-08		um Njarðvíkurskriður	100
Samtals Austursvæði				920
Samtals almenn verkefni				7.595

Sameiginlegt og óskipt

Vegnr.	Kaflnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
		Stofn- og tengivegir		
			Tengivegir, bundið slitlag	800
			Breikkun brúa	405
			Hjóla- og göngustígar	250
		Annað en stofn- og tengivegakerfi		
			Samgöngurannsóknir	20
			Héraðsvegir	100
			Landsvegir utan stofnvegakerfis	120
			Styrkvegir	100
			Reiðvegir	75
			Smábrýr	50
			Girðingar	60
		Samtals sameiginlegt		1.980
			Samtals stofnkostnaður	9.575

Jarðgangaáætlun:

Vegnr.	Kaflnr.	Vegheiti	Kaflaheiti	Fjárveitingar 2019 m.kr.
			Sameiginlegur jarðgangakostnaður	10
60		Vestfjarðavegur		
	39		Dýrafjarðargöng	3.500
		Samtals jarðgangaáætlun		3.510
			Samtals framkvæmdir vegir:	13.085



Á Hrafseyrarheiði, horft til suðurs niður í Arnarfjörð. Vestfjarðavegur (60) sem fær nýtt vegnúmer (626) með tilkomu Dýrafjarðarganga sem verða opnuð árið 2020.



Skorradalsvegur að vori.

6.20 Framkvæmdir við vita og hafnir

Verkefni	Fjárveitingar 2019 m.kr.
Vitabyggingar	15
Sjóvarnargarðar	115
Landeyjahöfn	622,8
Ferjubryggjur	3
Samtals 6.20 framkvæmdir vitar og hafnir	755,8
Ný Vestmannaeyjaferja	800
Botndælubúnaður við Landeyjahöfn	730
Hafna- og strandrannsóknir	5
Samtals annað en vitar og hafnir	1.535
Stofnkostnaður samtals:	2.290,8



Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2019

Kostnaðaráætlanir eru á verðlagi ársins sem gengið er frá samningi.

Suðursvæði

1 Hringvegur

a25 Brunná

Umfang verks: Ný brú er byggð í sömu veglínu og núverandi brú á Brunná en er nokkuð hærri. Veglína Hringvegur um Brunná er bein í láréttu plani og með 7.800 m lóðréttum háboga.

Yfirbygging brúarinnar er eftirspennur biti í einu 24 m löngu hafi. Brúin er með 9,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 10 m. Landstöplar brúarinnar eru steypdir og grundaðir á hrauni.

Framkvæmdaform: Útboð. Verkið var boðið tvisvar út á árinu 2019. Í fyrri skiptið var opnað 31.07.2019 og tvö tilboð bárust en þar sem munur á tilboðum og kostnaðaráætlun var 25-94% var öllum tilboðum hafnað. Verkið var boðið út aftur. Í seinna útboði þann 26.11.2019 bárust þrjú tilboð, enn var mikill munur á kostnaðaráætlun og tilboðsupphæð. Lægstbjóðandi skilaði ekki tilsettum gögnum og öllum tilboðum var hafnað. Farið var í samningaviðræður við hina tvo sem var ólokið um áramótin 2019/2020.

Kostnaðaráætlun: 120 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2017	2
Samgönguáætlun 2018	8
Samgönguáætlun 2019	
Breikkun brúa	160
Samtals	170

Verkframingin 2019: Um er að ræða forhönnun, hönnun og umsjón útboða.

Verktaki: Samningum ólokið.

Kostnaður	m.kr.
2017	2
2018	8
2019	11
Samtals	21

1 Hringvegur

b5 Jökulsá á Sólheimasandi

Umfang verks: Bygging 163 m langrar tvíbreiðrar, steinsteyptar, eftirspenntrar bitabrúar á fimm höfum ásamt endurgerð vegakafla Hringvegur beggja vegna og gerð 940 m bráðabirgðavegar. Áður en framkvæmdir verktaka hefjast mun verkkaupi koma upp bráðabirgðabrú norðan við vegstæði. Rífa á að stórum hluta núverandi brú á Hringvegi. Millistöplar núverandi brúar verða rifnir niður að sökklum, en sökklar og rofvörn millistöpla verða endurnýttir. Steypar verða nýjar endaundirstöður, en núverandi rofvarnir endaundirstaða endurnýttar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.063 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2005	2
Samgönguáætlun 2010	1
Samgönguáætlun 2019	20
Samtals	23

Verkframingin 2019: Unnið að undirbúningi og hönnun.

Verktaki: Óráðið.

Kostnaður	m.kr.
2005	2
2010	1
2019	8
Samtals	11



Hringvegur, Selfoss – Hveragerði, 1. áfangi í framkvæmd 6. september 2019.

1 Hringvegur d5 um Ölfusá

Umfang verks: Nýr 3,8 km Hringvegur norðaustan Selfoss um nýja brú á Ölfusá við Efri-Laugardælaeyju.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 6.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2014	9
Samgönguáætlun 2015	20
Samgönguáætlun 2016	50
Fjárlög 2017	50
Flutt á önnur verk	-57
Fjárlög 2018	20
Samgönguáætlun 2019	10
Samtals	102

Verkframvinda: Á árunum 2014 – 2016 var unnið að frumdrögum brúar og undirbúningi landakaupa.

Verkframvinda 2017: Unnið að forhönnun brúar og undirbúningi landakaupa.

Verkframvinda 2018: Var einungis unnið að landakaupum.

Verkframvinda 2019: Unnið að forhönnun brúar og landakaupum.

Kostnaður	m.kr.
2014	9
2015	20
2016	4
2017	9
2018	45
2019	38
Samtals	125

1 Hringvegur d6 Selfoss – Hveragerði

Umfang verks: Breikkun Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og planvegamótum. Hönnun miðar við að breikkað verði síðar í 2+2 veg og gera allar breiddir og rými ráð fyrir þeirri breikkun síðar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 8.500 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2005	1
Samgönguáætlun 2006	3
Samgönguáætlun 2007	4
Samgönguáætlun 2008	26
Fjárlög 2009	68
Samgönguáætlun 2010	9
Samgönguáætlun 2013	1
Samgönguáætlun 2014	3
Samgönguáætlun 2015	8
Samgönguáætlun 2016	100
Fjárlög 2017	350
Flutt á önnur verk 2017	-44
Fjárlög 2018	250
Flutt á önnur verk 2018	-92
Samgönguáætlun 2019	1.250
Samtals	1.937

Verkframvinda: Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi landakaupa, jarðtæknilegra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út um sumarið og samið við ráðgjafa í september.

Verkframvinda 2017: Unnið var að forhönnun og verkhönnun, auk þess sem unnið var í samningum við landeigendur.

Verkframvinda 2018: Unnið var að verkhönnun framkvæmdarinnar og samningaviðræður við landeigendur. 1. áfangi framkvæmda var boðinn út í nóvember 2018 og buðu 5 aðilar í verkið. Íslenskir aðalverktakar voru lögstjóðendur og var samið við þá um verkið. Tilboðsupphæð var 1.361,2 m.kr. sem var 8,9% yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Áætluð verklok 1. áfanga voru í október 2019.

Verkframvinda 2019: Unnið var að verkhönnun síðari áfanga framkvæmdarinnar ásamt samningaviðræðum við landeigendur. Framkvæmdir við 1. áfanga hófust í janúar 2019 og var umferð hleypt á nýjan 2,5 km Hringveg milli Gljúfurholtsár og Varmár með aðskildum aksturstefnum í nóvember 2019. Byggð voru ný vegamót við

Vallaveg og Ölfusveg ásamt breikkun brúar á Varmá, ný undirgöng fyrir gangandi og hesta við Velli og nýir hliðarvegir. Endanlegum frágangi og einstökum verkþáttum vegna 1. áfanga lýkur árið 2020.

Verktaki: Íslenskir aðalverktakar.

Kostnaður	m.kr.
2005	1
2006	3
2007	4
2008	26
2009	68
2010	9
2013	1
2014	3
2015	8
2016	54
2017	99
2018	153
2019	1.937
Samtals	2.366

1 Hringvegur f3 Vesturlandsvegur, Skarhólabraut – Langitangi

Umfang verks: Um er að ræða endurbyggingu og breikkun Hringvegur (1) í Mosfellsbæ milli Skarhólabrautar og Langatanga. Á kaflanum voru þrjár akreinar en vegurinn verður breikkaður þ.a. hægt verði að koma fyrir fjórum akreinum og aðskilja akstursstefnur með vegriði í miðju vegarins. Byggðir verða hljóðvarnarveggir, veglýsing endurnýjuð og umframefni komið fyrir í hljóðmönnum við veginn. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 661 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar, eftir útboð).

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2018	8
Samgönguáætlun 2019	510
Samtals	518

Verkframvinda 2019: Unnið að hönnun og undirbúningi.

Kostnaður	m.kr.
2018	8
2019	50
Samtals	58

1 Hringvegur

f5 Vesturlandsvegur við Esjumela

Umfang verks: Um er að ræða gerð hringtorgs á Hringvegi (1) við Esjumela, lagning nýs Vonarholtsvegar á um 600 m kafla og tenging hans við torgið. Byggð voru undirgöng undir Hringveg (1) og gerðar strætóbiðstöðvar við Hringveg. Innifalin var gerð göngu- og reiðstíga um svæðið. Til verksins teljast einnig breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja, m.a. færsla rafstrengja með háspennu á um 500 m kafla, sem og nýlagnir auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 337 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar).

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	300
Fært af öðrum verkum 2018	30
Samtals	330

Verkframvinda 2018: Verksamningur var undirritaður 23. júlí 2018. Byggt var framhjáhlaup fyrir umferð á Hringvegi (1) og hliðarvegir tengdir því. Eftir færslu umferðar var unnið við byggingu hringtorgsins og undirganganna. Þann 29. nóvember 2018 var umferð hleypt á nýja torgið en þá átti eftir að vinna ýmsa verkþætti utan vegar. Gert var vetrarhlé á verkinu frá miðjum desember 2018.

Verkframvinda 2019: Um miðjan mars 2019 hófst vinna eftir vetrarhlé. Unnið

var við frágang stíga og landmótun auk vinnu við lagnir veitufyrirtækja. Lokaúttekt fór fram 3. júní 2019.

Verktaki: PK verk ehf.

Kostnaður	m.kr.
2018	318
2019	99
Samtals	417

1 Hringvegur

f5 Vesturlandsvegur um Kjalarnes

Umfang verks: Breikkun 9 km tveggja akreina vegarkafla milli Varmhóla og Hvalfjarðar. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akbrautum. Í verkinu eru þrjú hringtorg, við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Byggð verða fimm undirgöng úr stálplötum, áningarstaður, hliðarvegir, reiðstígar og stígar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Fergja á vegstæði og framtíðarstæði stíga meðfram hliðarvegum. Verkinu tilheyrja ræsi, regnvatnslagnir, veglýsing, lagnir fyrir upplýsingakerfi Vegagerðarinnar og breytingar á lögnum veitufyrirtækja.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 6.500 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fyrri ár	1
Samgönguáætlun 2017	9
Samgönguáætlun 2018	8
Samgönguáætlun 2019	200
Samtals	218

Verkframvinda 2019: Á árinu 2019 var unnið að undirbúningi og hönnun.

Kostnaður	m.kr.
Fyrri ár	1
2017	9
2018	8
2019	79
Samtals	97



Tvöföldun Reykjanesbrautar (41) frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi er flókið verkefni. Framkvæmdir fara fram í mikilli nálægð við þunga umferð, íbúabygð er mikil í næsta nágrenni og þar eru einnig skólar og verlanir. Því er lögð mikil áhersla á öll öryggismál.

30 Skeiða- og Hrunamannavegur 08 Einholtsvegur – Biskupstungna- braut

Umfang verks: Nýbygging Skeiða- og Hrunamannavegar í Bláskógabygð frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut. Verkið felst í breikkun núverandi vegar á um 3,2 km kafla og færslu hans á um 1,1 km kafla ásamt lagningu bundins slitlags og lagfæringu á vegsvæði. Heildarlengd kaflans er um 4,4 km.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 370 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fyrri ár	4
Samgönguáætlun 2017	4
Samgönguáætlun 2018	3
Samgönguáætlun 2019	100
Samtals	111

Verkfrámvinda 2019: Á árinu var unnið að verkhönnun og samningum við landeigendur.

Kostnaður	m.kr.
Fyrri ár	4
2017	4
2018	3
2019	10
Samtals	21

40 Hafnarfjarðarvegur 04 gatnamót við Vífilsstaðaveg

Umfang verks: Um er að ræða breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar (40) við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunholtslæk, breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarveggar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi verður fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnarfjarðarveg.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.010 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fyrri ár	33
Fjárheimild 2016	19
Fjárheimild 2017	0
Fjárheimild 2018	500
Flutt á önnur verk	-445
2019	0
Samtals	107

Verkframvinda 2018: Á árinu 2018 var unnið við hönnun og annan undirbúning.
Verkframvinda 2019: Á árinu 2019 var unnið við hönnun og gerð útboðsgagna.

Kostnaður	m.kr.
Fyrri ár	33
2016	19
2017	50
2018	18
2019	69
Samtals	189

40 Hafnarfjarðarvegur 04 við Kaplakrika

Umfang verks: Verkið felst í tvöföldun vinstri beygju frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs og nýrri aðrein meðfram Kaplakrikalæk ásamt uppfærslu á umferðarljósum.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 208 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	50
Flutt af öðrum verkum	32
Samgönguáætlun 2019	118
Samtals	200

Verkframvinda 2018: Á árinu var unnið við verkhönnun og undirbúning.

Verkframvinda 2019: Framkvæmdin var boðin út í janúar 2019 og lauk framkvæmdum í júlí 2019.

Verktaki: Loftorka Reykjavík ehf.

Kostnaður	m.kr.
2018	17
2019	184
Samtals	201

41 Reykjanesbraut

12 undirgöng í Kópavogi, skuld

Umfang verks: Greiðsla skuldar vegna framkvæmda við undirgöng undir Reykjanesbraut við Digranesveg

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	200
Samgönguáætlun 2019	100
Samtals	300

Verkframvinda 2018: Gengið frá uppgjöri við Kópavogsbæ.

Kostnaður	m.kr.
2018	181
2019	0
Samtals	181

41 Reykjanesbraut

15 vegamót við Krýsuvíkurveg

Umfang verks: Gerð mislægra vegamóta Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg auk allrar vega- og stígagerðar. Til framkvæmdanna teljast einnig breytingar á Krýsuvíkurvegi, gerð tengivegar að Suðurbraut og tengivegar að Selhelli. Einnig er innifalin gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautartengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut og í Hellnahverfi í Hafnarfirði hluti verksins. Einnig eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja sem og landmótun auk annarra þátta. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.169 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2016	34
Fjárlög 2017	800
Fjárlög 2018	0
Flutt af öðrum verkum 2018	48
Samtals	882

Verkframvinda 2017: Í febrúar var verkið boðið út. Unnið var við gerð mislægra vegamóta ásamt landmótun. Einnig var sett upp veglýsing, stígar gerðir, land mótað, hljóðvarnir settar upp og annað sem var nauðsynlegt til þess að ljúka verkinu. Verkinu lauk í desember fyrir utan nokkur smærri verk sem náðist ekki að ljúka við og er frestað til vors 2018.

Verkframvinda 2018: Unnið var við lokafrágang verksins og uppgjör við veitur.

Verkframvinda 2019: Uppgjör við Hafnarfjarðarbæ og verktaka.

Verktaki: Suðurverk hf. og Loftorka Reykjavík ehf.

Kostnaður	m.kr.
2016	34
2017	748
2018	89
2019	20
Samtals	891



Við breikkun Suðurlandsvegur þurfti meðal annars að breikka brúna yfir Varmá.

41 Reykjanesbraut 14 Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur

Umfang verks: Verkið felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegur. Auk þess tilheyrir verkinu gerð nýrrar vegbrúar yfir Strandgötu og undirganga á þessum stað, gerð tveggja göngubrúa yfir Reykjanesbraut við Ásland og Þorlákstún ásamt gerð umfangsmikilla hljóðvarna við Reykjanesbraut. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitufyrirtæki.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 2.693 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	50
Afturkallað 2018	-50
Samgönguáætlun 2019	1.000
Samtals	1.000

Verkframvinda 2018: Unnið var við hönnun vegarins.

Verkframvinda 2019: Í febrúar var verkið boðið út og var það auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Unnið var við vegagerð suðurakbrautar vestan við Strandgötu. Byrjað var á að breikka Strandgötubrú og smíði tveggja



göngubrúa hófst í Póllandi. Áætluð verklok eru í nóvember 2020.

Verktaki: Ístak hf.

Kostnaður	m.kr.
2018	28
2019	706
Samtals	734

42 Krýsuvíkurvegur

02 um Vatnsskarð

Umfang verks: Lagfæring á vegi og lagning klæðingar á um 1,5 km kafla af Krýsuvíkurvegi um Vatnsskarð.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 67 m.kr

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2019	
Tengivegir	60
Samtals	60

Verkframingin 2019: Framkvæmdin var boðin út í júní og hófust framkvæmdir í lok ágúst. Lokið var við að leggja fyrri lag klæðingar í október en áformað að framkvæmdin klárast að fullu í byrjun sumars 2020.

Verktaki: Vörubifreiðastjórafélagið Mjöllnir, Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2019	67
Samtals	67

43 Grindavíkurvegur

01 Reykjanesbraut – Bláalónsvegur

Umfang verks: Um er að ræða breikkun á Grindavíkurvegi í 2+1 með aðskildum akstursstefnum á um 6 km kafla frá Seltjörn að Bláalónsvegi (Norðurljósavegi). Verkinu er skipt í tvo áfanga, fyrri áfangi er breikkun á veginum á um 4 km kafla en sá seinni er gerð fléttureina og uppsetning vegriðs sem áætlað er að ljúka 2019.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Fyrri áfangi	525
Seinni áfangi	743
Samtals	1.268

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	200
Viðbótarheimild 2018	350
Samgönguáætlun	700
Samtals	1.250

Verkframingin 2018: Fyrri áfangi var boðinn út í ágúst og var lokið í desember það ár.

Verkframingin 2019: Seinni áfangi var boðinn út í júní og var lokið í desember 2019.

Verktaki: Loftorka Reykjavík ehf. vann báða áfanga.

Kostnaður	m.kr.
2018	457
2019	719
Samtals	1.176

43 Grindavíkurvegur

01 undirgöng við Víkurbraut

Umfang verks: Verkið fólst í því að byggja ný undirgöng undir Grindavíkurveg (Víkurbraut) við Suðurhóp ásamt gerð stígtenginga að þeim.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 85 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Göngubrýr og undirgöng	85
Samtals	85

Verkframingin 2019: Verkið var boðin út í júní. Framkvæmdir hófust í byrjun ágúst og lauk þeim í nóvember.

Verktaki: Ellert Skúlason ehf.

Kostnaður	m.kr.
2019	90
Samtals	90

44 Hafnavegur**01 Reykjanesbraut – flugvöllur**

Umfang verks: Gerð nýrrar vegtengingar Hafnavegar (44-01) við Reykjanesbraut, við hringtorg við Fitjar. Verkið felst í nýbyggingu vegarins á um 850 m löngum kafla, og lokun á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Hafnavegar vestan við hringtorgið, með tilheyrandi rífi malbiks og yfirborðsfrágangi umferðareyja Reykjanesbrautar, sem og landmótun og yfirborðsjöfnun utan hennar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 195 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	180
Flutt á önnur verk	-12
Samtals	168

Verkframingvinda 2018: Verkið var boðið út í mars og tilboð opnuð í byrjun apríl. Framkvæmdir hófust í lok maí og lauk þeim í byrjun október sama ár.

Verkframingvinda 2019: Á árinu var unnið við gerð reyndarteikninga.

Kostnaður	m.kr.
2018	168
2019	1
Samtals	169

48 Kjósarskarðsvegur**02 Vindás – Fremri Háls**

Umfang verks: Endurlögn Kjósarskarðsvegar á 7,5 km löngum kafla. Endurlögn vegarins felst í undirbyggingu, lögn ræsa, útlögn burðarlaga og slitlags, gerð tenginga og frágangi.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 380 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2016	4
Fjárlög 2017	136
Fjárlög 2018	225
Fært af öðrum verkum 2018	32
Samtals	397

Verkframingvinda 2017: Unnið var að verkhönnun og gerð útboðsgagna. Verkið var boðið út í september. Mjög lítillega var byrjað á framkvæmdum á árinu 2017 en þó aðeins byrjað á endurnýjun ræsa.

Verkframingvinda 2018: Á árinu var unnið við uppbyggingu vegarins og klæðingu að hluta. Lokið var við að byggja upp veginn með burðarlaga á um 6 km að mestu og leggja fyrri lag klæðingar á 3,5 km.

Verkframingvinda 2019: Lokið var við lögn klæðingar á veginn í ágúst.

Verktaki: Vörubifreiðastjórafélagið Mjólnir, Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2016	4
2017	24
2018	261
2019	145
Samtals	434

49 Nesbraut**04 strætórein við Klambratún**

Umfang verks: Um er að ræða gerð forgangsreinar fyrir strætó meðfram Miklubraut til austurs frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð. Verkefnið er samstarfsverkefni með Reykjavíkurborg en einnig er unnið við gerð hjólastíga og hljóðmana.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 170 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	
Bætt umferðarflæði	101
Fjárlög 2018	
Bætt umferðarflæði	18
Fært af öðrum verkum	134
Samtals	253

Verkframingvinda 2017: Framkvæmdin var boðin út í mars . Lokið að mestu á haustdögum 2017 en eftir er að ljúka við frágang.

Verkframingvinda 2018: Unnið við landmótun og frágang umferðarljósa. Eftir að ganga frá lokauppgjöri við verktaka.

Verkframingvinda 2019: Lokauppgjör við verktaka.

Verktaki: Bjössí ehf.

Kostnaður	m.kr.
2017	205
2018	48
2019	5
Samtals	258

208 Skaftártunguvegur 00 um Eldvatn

Umfang verks: Verkefnið felst í byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn og vegtenginga að henni.

Um er að ræða tvö útboð. Annars vegar bygging nýrrar brúar yfir Eldvatn og hins vegar gerð vegtenginga að henni.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 612 m.kr. (bæði útboðin).

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2015	1
Viðlagatrygging	108
Fjáráukalög 2016	300
Fjárlög 2017	40
Samgönguáætlun 2019	150
Samtals	599

Verkframingvinda 2016: Unnið var að hönnun, rannsóknun og öðrum undirbúningi.

Verkframingvinda 2017: Unnið var við verkhönnun og gerð útboðsgagna. Verkið var boðið út í nóvember en engin aðgengileg tilboð bárust og var þeim því hafnað.

Verkframingvinda 2018: Bygging nýrrar brúar á Eldvatn var boðin í apríl.

Vegagerðin að brúnni var boðin út í maí. Á árinu vann jarðvinnuverktaki að efnisöflun, aðstöðusköpun og gerð vegfyllinga. Brúarverktaki lauk við uppsteypu sökkla og stöpla beggja megin við ána.

Verkframingvinda 2019: Framkvæmdum við nýja brú og vegagerð að henni lauk að mestu á árinu 2019. Mannvirkin voru opnuð fyrir umferð um miðjan október. Árið 2020 verður lokið við endanlega við málningarvinnu á brúnni auk frágangs á hliðarsvæðum vega.

Kostnaður	m.kr.
2016	13
2017	32
2018	111
2019	460
Samtals	616

249 Þórsmerkurvegur 01 Hringvegur – Gljúfurá

Umfang verks: Nýbygging Þórsmerkurvegur (249-01) frá gatnamótum Hringvegur að Gljúfurá. Verkið felst í gerð alveg nýs 8 m breiðs vegar, að megninu til á nýju vegstæði, all nokkru vestar en þar sem núverandi vegur er.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 70 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2016	38
Samtals	38

Verkframingin 2019: Unnið að undirbúningi og hönnun. Áætlað að bjóða út framkvæmdir í janúar 2020.

Kostnaður	m.kr.
2019	4
Samtals	4

310 Votmúlavegur

01 Lækjarmót – Jórvík

Umfang verks: Lagning klæðingar á síðasta hluta Votmúlavegar um 1,1 km.

Framkvæmdaform: Verðkönnun.

Kostnaðaráætlun: 18 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2019 Tengivegir bundið slitlag	13
Samgönguáætlun 2020 Tengivegir bundið slitlag	5
Samtals	18

Verkframingin 2019: Fram fór verðkönnun meðal nokkurra verktaka í júlí mánuði 2019. Lokið var við að leggja fyrra lag klæðingar í september 2019 en áætlað að leggja seinna lag klæðingar vorið 2020.

Verktaki: Borgarverk ehf.

Kostnaður	m.kr.
2019	13
Samtals	13

355 Reykjavegur

01 Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur

Umfang verks: Um er að ræða breikkun og endurbætur Reykjavegar í Bláskógabyggð milli Biskupstungnabrautar og Laugarvatnsvegur (8 km), auk byggingar 20 m langrar brúar yfir Fullsæl.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.021 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2008	6
Samgönguáætlun 2009	3
Samgönguáætlun 2010	1
Samgönguáætlun 2011	2
Samgönguáætlun 2012	1
Samgönguáætlun 2013	2
Samgönguáætlun 2014	28
Samgönguáætlun 2015	26
Samgönguáætlun 2016	29
Fjárlög 2017	150
Fjárlög 2018	545
Samgönguáætlun 2020	185
Samtals	978

→

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi (t.h.), Ari Trausti Guðmundsson formaður Þingvallanefndar (t.v.) og Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar klipptu á borða til merkis um að endurbættur Þingvallavegur væri formlega opnaður.



Verkframvinda 2017: Unnið var við verkhönnun og samninga við landeigendur.

Verkframvinda 2018: Unnið var að samningum við landeigendur. Verkið var boðið út í desember 2018.

Verkframvinda 2019: Tilboð í verkið voru opnuð í janúar 2019 en vegna kærumála dróst að hægt væri að skrifa undir verksamning til 31. júlí. Verktaki hóf vinnu við námuvinnslu í byrjun október og í framhaldi af því að keyra út fyllingum í veg og var lokið við að keyra fyllingum út í um 1 km af vegi.

Verktaki: Þjótandi ehf.

Kostnaður	m.kr.
2008	6
2009	3
2010	1
2011	2
2012	1
2013	2
2014	28
2015	26
2016	29
2017	13
2018	35
2019	41
Samtals	187

360 Grafningsvegur efri 02 Nesjavellir – Hagavík

Umfang verks: Endurbygging Grafningsvegur efri (360-02) frá Nesjavöllum og út fyrir Hagavík. Verkið felst í undirbyggingu vegarins á sama stað, lögn ræsa, útlögn og vinnslu burðarlaga og klæðingar á 5 km kafla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 216 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2016	5
Fjárlög 2017 Tengivegir	49
Fjárlög 2018 Tengivegir	162
Samtals	216

Verkframvinda 2017: Unnið var að undirbúningi framkvæmda sem boðnar verða út á vormánuðum 2018.

Verkframvinda 2018: Uppbyggingu vegar lauk að mestu á árinu 2018, skeringum, fyllingum og fláfleygum var lokið þá og var styrktarlagi og neðra burðarlagi keyrt út.

Verkframvinda 2019: Á árinu 2019 var unnið við að keyra út burðarlag og leggja klæðingu á veginn. Framkvæmdum lauk að mestu í ágúst mánuði. Minniháttar frágangur og girðingarvinna er eftir sem klárast 2020.

Verktaki: Suðurtak ehf.

Kostnaður	m.kr.
2016	5
2017	7
2018	117
2019	78
Samtals	207

360 Grafningsvegur efri 02 Úlfjótssvatn – Hagavík

Umfang verks: Endurbygging Grafningsvegur efri (360-02) frá klæðingarenda við Úlfjótssvatn að klæðingarenda við Hagavík, alls um 6,2 km. Verkið felst í undirbyggingu vegarins á sama stað, lögn ræsa, útlögn og vinnslu burðarlaga og klæðingar.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 190 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2019 Tengivegir	75
Samtals	75

Verkframvinda 2019: Útboð á framkvæmdinni var auglýst í lok júní 2019 og tilboð opnuð 9. júlí. Byrjað var á framkvæmdum í ágúst og lokið við ræsalögn, útkeyrslu fyllinga og skeringar á árinu 2019. Einnig var lokið við að keyra styrktarlagi í megnið af kaflanum.

Verktaki: Suðurtak ehf.

Kostnaður	m.kr.
2019	93
Samtals	93

4.1.1 Arnarnesvegur 05 Reykjanesbraut – Fífuhvammsvegur

Umfang verks: Gerð Arnarnesvegur frá mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegur og austur að hringtorgi við Fífuhvammsveg, samtals 1,6 km. Tvenn hringtorg verða gerð á veginum og einnig verða byggð tvenn undirgöng undir Arnarnesveg. Auk þess er innifalinn veglýsing, stígagerð, landmótun, hljóðvarnir auk vinnu við veitulagnir.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 854 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2007	1
Samgönguáætlun 2008	31
Samgönguáætlun 2009	29
Samgönguáætlun 2011	11
Samgönguáætlun 2012	3
Samgönguáætlun 2013	1
Samgönguáætlun 2014	18
Samgönguáætlun 2015	320
Samgönguáætlun 2016	380
Flutt af undirgöngum í Kópavogi 2016	100
Fjárlög 2017	100
Flutt af undirgöngum í Kópavogi 2017	100
Frá öðrum verkum 2018	281
Samtals	1.375

Verkframvinda 2015: Unnið var að hönnun vegarins á árunum 2007-2015. Útboð á framkvæmdinni var auglýst í maí 2015 og hófust framkvæmdir í september. Unnið var í skeringum og gerður bráðabirgðavegur frá Fífuhvammsvegi að Þorrasölum. Byrjað var á staðsteyptum undirgöngum sem liggja nálægt mislægu hringtorgi við Reykjanesbraut. Aðveitustrengir og háspennustrengir OR Veitna voru færðir til norðurs um 7 m í vegstæðinu. Á árinu 2016 var lokið við undirgöng, hringtorg og veginn sjálfan ásamt landmótun.

Verkframvinda 2017: Á árinu var unnið við lokafrágang við landmótun á svæðinu og hljóðvegg meðfram Þorrasölum.

Verkframvinda 2018: Gengið frá lokauppgjöri við verktaka.

Verktaki: Suðurverk hf., Kópavogi og Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ

Kostnaður	m.kr.
2007	1
2008	31
2009	29
2011	11
2012	3
2013	1
2014	18
2015	155
2016	962
2017	91
2018	73
Samtals	1.375

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ, Garðabæ og veitustofnanir. Gert var samkomulag við Kópavogsbæ um að fjárveitingar til endurgreiðslu undirganga undir Reykjanesbraut við Skógarhlíð/Dalveg að upphæð 100 m.kr. yrðu nýttar til að fjármagna hlut Kópavogs í verkefninu. Hlutur Kópavogs á árinu 2016 var 226 m.kr.

411 Arnarnesvegur

01 göngubrú

Umfang verks: Bygging göngubrúar yfir Arnarnesveg við Þorrasali ásamt tilheyrandi stígakerfi og landmótun.

Framkvæmdaform: Samningsverk og útboð.

Kostnaðaráætlun: 100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Samgönguáætlun 2016	
Göngubrýr og undirgöng	6
Samgönguáætlun 2016	
Hjóla- og göngustígar	80
Flutt af öðrum verkum	36
Flutt á önnur verk 2017	-13
Flutt á önnur verk 2018	-4
Samtals	105

Boðin var út lenging Norðurgarðs. Verkið felst í að lengja Norðurgarð um 95 m, efni í garðinn er fengið úr í námu á Lambakróarholti, alls 15.000 m³ af kjarna og grjóti. Reka á 122 stálþilsploður og steypa 183 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum. Fimm tilboð bárust í verkið, samið var við lægstbjóðanda Borgarverk ehf. sem bauð 247,6 m.kr. sem var 1% yfir kostnaðaráætlun. Stálþilsploður í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni en útboðsgögn unnin hjá Eflu ehf. Verktaki hóf vinnu við verkið í október en verklok eru áætluð 1. júní 2020.

Arnarstapi:

Boðin var út dýpkun á Arnarstapa. Eitt tilboð kom í verkið frá Hagtaki hf. sem bauð tæplega 58,0 m.kr. sem var 25 % yfir kostnaðaráætlun hönnuða og var tilboðinu hafnað. Við gerð útboðsgagna var notast við dýptarmælingu frá árinu 2009. Við mælingu svæðisins árið 2019 kom í ljós að töluvert af efni hafði borist inn í höfnina og því kostnaður við dýpkun aukist vegna þessa. Eftir að viðbótar fjárveiting fékkst í framkvæmdina var gengið til samninga við Hagtak hf. um verkið. Verktaki hóf vinnu við dýpkun í október. Fjarlægja þurfti um 10.000 m³ af föstu og lausu efni. Verkinu var ekki að fullu lokið um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 56,1 m.kr.

Reykhólar**Flatey:**

Styrking ferjubryggju. Verkefnið er hannað hjá Vegagerðinni. Til stóð að bjóða verkið út árið 2019 en því var frestað fram á næsta ár.

Reykhólar:

Að lokinni verðkönnun var samið við Hagtak hf. um dýpkun á innsiglingarrennu að höfninni á Reykhólum. Verk er ekki hafið.

Vesturbyggð**Bildudalur:**

Boðin var út vinna við endurbyggingu og lengingu hafskipabryggju. Verkið felst í rekstri á 117 stálpilsplötum, að steypa 164 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum, einnig á að fylla innan við þilið með 12.600 m³ af kjarna. Samið var við lögstjóðanda Hagtak hf. sem bauð 138,4 m.kr. sem var 90% af kostnaðaráætlun. Stálpilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað og útboðsgögn unnin hjá Eflu ehf. Verkið er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 55,4 m.kr.

Bolungarvík


Boðin var út endurbygging stálþils á Brjótum. Samið var við lögstjóðanda Ísar ehf. sem bauð 99,4 m.kr. sem var 76,3% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að endurnýja stálþilið á 97 m kafla, reknar voru 78 stálpilsplötur og steypur kantur með pollum, stigum og fenderum. Stálpilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni, teikningar og útboðslýsing unnin hjá Tækniþjónustu Vestfjarða. Vinna hófst í ágúst og var henni að fullu lokið í desember. Uppgjör hefur ekki farið fram.

Framkvæmdakostnaður: 145,4 m.kr.

Ísafjarðarbær**Suðureyri:**

Boðin var út vinna við endurbyggingu Vesturkants. Verkið felst í rekstri á 36 stálpilsplötum, að steypa 54 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum. Samið var við lögstjóðanda, Ísar ehf. sem bauð tæpar 50 m.kr. sem var 16% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Stálpilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni en Tækniþjónusta Vestfjarða sá um gerð útboðsgagna. Verkið er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 23,8 m.kr.



Endurnýjun stálþils í höfninni í Bolungarvík.



Sanddæluskipið Disa frá Björgun að störfum í Landeyjahöfn.

Skagaströnd

Messuholt ehf. lauk vinnu við dýpkun og grjótvinnu í smábátahöfninni. Magn dýpkunarefnis var um 6.000 m³, bæði fast og laust efni. Lengd grjótláa sem byggður var er um 80 m og magn efnis í hann um 1.100 m³ af kjarna og grjóti.

Að loknu útboði var samið við lægstbjóðanda, Króla ehf., um útvegum og uppsetningu á tveim 40 m flotbryggjum með öllum búnaði. Tilboðsupphæð var 42,7 m.kr. sem var 86% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 72,1 m.kr.

Dalvíkurbyggð

Dalvík:

Boðin var út vinna við byggingu á tveimur rafbúnaðarhúsum, lagningu lagna í jörð, gerð snjóbræðslukerfis og að steypa 3.100 m² þekju á nýjan stálþilsbakka á Austurgarði. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda, Tréverk ehf., sem bauð 116,2 m.kr. sem var 1% yfir kostnaðaráætlun. Vegagerðin sá um hönnun og gerð útboðsgagna.

Boðin var út vinna við raforkuvirki bryggjunnar. Samið var við lægstbjóðanda Rafeyri ehf. sem bauð 12,5 m.kr. Raftákn ehf. sá um hönnun og gerð útboðsgagna. Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 173,4 m.kr.

Dalvík:

Boðin var út bygging á 20 m langri flotbryggju og uppsetningu hennar. Samið var við verktakann Króla ehf. upp á kr. 10,6 m.kr. Verkefnið var inn á samþykkttri samgönguáætlun og var flýtt um 2 ár.

Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 10,5 m.kr.

Hafnasamlag Norðurlands**Hrísey:**

Grjótvörn við ferjubryggjukantinn var lengd að framanverðu. Stálþilskanturinn var orðinn götótur að utanverðu og því var ákveðið að grjótverja stálþilið til þess að hindra frekari úrskolun. Gert var við þekju og fyllt upp með malarefni

Samið var við Skútaberg ehf. um verkefnið upp á kr. 7,7 m.kr.

Samið var um Skútaberg um vinnslu efnis í námu upp á kr. 4,6 m.kr.

Heildar framkvæmdakostnaður 12,2 m.kr.

Höfn í Hornafirði

Ekkert var dýpkað innan hafnar á árinu en greitt fyrir áður unna dýpkun.

Samningur við Tröllu vegna dýpkunar var framlengdur um um tvö ár.


Framkvæmdakostnaður: 37,0 m.kr.

Landeyjahöfn

Ístak ehf. hélt áfram vinnu sinni við endurbætur Landeyjahafnar. Verkið var boðið út árið 2018. Ístak hóf vinnu haustið 2018 á grjótvinnslu í námu á Seljalandsheiði. Eftir áramótin hóf verktaki vinnu við flutning á efni til Landeyjahafnar ásamt áframhaldandi vinnu í námu.

Um vorið hófst vinna í Landeyjahöfn við sjálft verkið sem fólst í gerð aðkomuvegar gegnum hausa á brimvarnargörðum og að byggja tunnur úr stálbitum á garðsendum. Fylla í tunnur á garðsendum og grjótverja. Byggja veg og snúningssvæði út vestari brimvarnargarð. Stækkun á innri hafnarkví ásamt lengingu skjólgarðs að vestanverðu í innri höfninni og bygging á innsiglingartunnu á enda garðsins.





Unnið var að því að reka staura í tunnu á enda vestari garðs innri hafnarinnar í Landeyjahöfn.

Byggingu á innsiglingartunnum á garðsendum brimvarnargarða var frestað um óákveðinn tíma vegna mótmæla frá skipstjórum Herjólfss sem töldu að innsiglingin yrði hættulega mjó. Vinna við byggingu á innsiglingartunnum var felld úr samningi Ístaks. Ístak lauk heildarverkinu um haustið. Endanlegt uppgjör við Ístak ehf. hefur ekki farið fram.

Framkvæmdakostnaður: 293,3 m.kr.

Boðin var út vinna við viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn fyrir árin 2019 til 2021. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lögstjóðanda Björgun ehf. sem bauð tæplega 618 m.kr. í verkið sem var 75,6% af kostnaðaráætlun. Verkinu er skipt í vor- og haustdýpkun fyrir hvert ár. Vordýpkun hefst 1. mars og haustdýpkun hefst 15. september. Björgun hóf vinnu við dýpkun 4. mars og kom með þrjú dýpkunartæki á verkstað til að flýta fyrir opnun hafnarinnar. Fjarlægðir voru um 210.848 m³ af dýpkunarefnum. Öldufar var með eindæmum erfitt um vorið þannig að fáir dagar nýttust til dýpkunar. Höfnin opnaðist ekki fyrr en 2. maí og hefur höfnin aldrei opnast jafn seint að vori frá því hún var byggð. Dýpkunarskipið Dísá byrjaði haustdýpkun 16. september og fjarlægði um 78.000 m³ af sandi úr höfninni og af rifinu framan við höfnina. Höfnin hélst opin fram undir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 302,7 m.kr.

Boðin var út vinna við raflagnir vegna landtengingar Herjólfss. Vinnan fólst í að leggja rafstrengi milli spennistöðvar og rafhleðsluturns og smíði á stökk til að hlífa rafstrengjum. Útboðið var tvískipt, vinna í Vestmannaeyjum og vinna í Landeyjahöfn. Fjögur tilboð bárust í verkið, samið var við lægstbjóðanda Rafal ehf. um verkin. Tilboðsverð fyrir Vestmannaeyjar var 4,0 m.kr. sem var 88% af kostnaðaráætlun og tæplega 6,0 m.kr. fyrir Landeyjahöfn sem var 92% af kostnaðaráætlun. Að lokinni verðkönnun voru 600 metrar af sérframleiddum aflstreng fyrir verkið fengnir hjá Ískraft ehf. að upphæð 6,4 m.kr.

Ístak ehf. var að vinna í Landeyjahöfn með 150 tonna krana og voru þeir fengnir til um að reisa hleðsluturna og festa á bryggjurnar ásamt vinnu við að koma spennuhúsum fyrir ásamt jarðvinnu við undirlag. Greiddar voru 6,7 m.kr. fyrir verkið í heild fyrir báða uppsetningarstaði.

Starfsmenn Stemman-Technic hófu vinnu við að tengja og prófa hleðslubúnaðinn, vegna galla í honum tókst ekki að gera hann starfhæfan fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 23,1 m.kr.

Landgræðsla ríkisins vann eins og fyrri ár að landgræðslu við Landeyjahöfn. Í ár var borinn tilbúinn áburður á þau svæði sem útsettust eru fyrir sandfoki.

Framkvæmdakostnaður: 5,0 m.kr.

Botndælubúnaðinn átti að prófa haustið 2019 en var frestað vegna tafa sem urðu við afhendingu á búnaðinum. Stefnt að því að reyna búnaðinn árið 2020. Samið var við Hagtak um útvegum dælubúnaðs árið 2018.

Framkvæmdakostnaður: 314,1 m.kr.

Vestmannaeyjar

Skipalyftubryggja:

Keypt var stálþil fyrir endurbyggingu skipalyftubryggju. Framkvæmdir hefjast 2020.

Framkvæmdakostnaður: 56,2 m.kr.

Þorlákshöfn

Vinna vegna hönnunar á nýju stálþili við Svartaskersbryggju hófst á árinu með jarðfræðirannsókn. Köfunarþjónustan ehf. setþykktarmældi hafnarsvæðið og Kjartan Thors vann skýrslu úr mælingunni um gerð jarðlaga.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 m.kr.

Grindavík

Hagtak hf. hélt áfram vinnu sinni við þekju Miðgarðs. Verkið fólst í lagnavinnu, byggingu á tveimur veituhúsum, steypa þekju 4.858 m², malbika 1.080 m² og gerð raforkuvirkis.

Verkinu var að mestu lokið um áramótin. Uppgjör við verktaka hefur ekki farið fram.

Framkvæmdakostnaður á árinu: 102,6 m.kr.

Sandgerði

Lárus Einarsson hélt áfram vinnu sinni við stálþil og steyptan kant á Suðurgarði. Samið var við verktakann um byggingu á veituhúsi og lagningu röra í jörð fyrir rafmagn og vatn. Vinnu við heildarverkið lauk í maí og hefur uppgjör farið fram.

Boðin var út steyp þekja á Suðurgarð. Samið var við lægstbjóðanda Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. sem bauð 33.201.000 kr. sem var 94% af kostnaðaráætlun. Verkið fólst í að steypa 1.600 m² þekju. Verkið hófst í byrjun ágúst og var því að fullu lokið í september.

Boðin var út vinna við raforkuvirki bryggjunnar. Samið var við lægstbjóðanda Bergraf ehf. sem bauð 9,9 m.kr. sem var 91,3% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verktakinn hóf vinnu í júní og var verkinu að fullu lokið í september.

Framkvæmdakostnaður: 144,9 m.kr.

Sjóvarnargarðar

Akranes Breiðin:

Boðin var út 180 m sjóvörn á Breiðinni á Akranesi. Verkið var boðið út í september 2019. Samið var við lögstjóðanda, Þrótt ehf. Vinna í námu hófst á árinu.

Snæfellsbær:

Unnið var að sjóvörnum í Ólafsvík, á Hellissandi og Hellnum. Verkið var boðið út í september 2018, samið var við lögstjóðanda Grjótverk ehf. Verkinu lauk í júní 2019.

Búðardalur:

Boðin var út 200 m sjóvörn við Ægisgötu á Búðardal. Verkið var boðið út í október 2019. Samið var við lögstjóðanda, Stafnafell ehf. Vinna var ekki hafin við verkið á árinu.

Vesturbyggð:

Gerð var verðkönnun í sjóvörn við Kollsvík. Vinna við verkið var ekki hafin á árinu.

Húsavík:

Unnið var við sjóvörn undir Húsavíkurbökkum, sjóvörn var endurbyggð og styrkt á alls 275 m kafla. Verkið var boðið út í nóvember 2018. Samið var við lögstjóðanda, Grjótverk ehf. sem vann verkið. Verkinu lauk í október 2019.



Grjótvörn við Bessastaði.



Grindavík:

Boðnar voru út sjóvarnir við Arfadalsvík og við Gerðistanga í Grindavík í mars 2019. Samið var við lögstjóðanda, E. Gíslason ehf. sem vann verkið. Verkinu lauk í ágúst 2020.

Garðabær:

Boðin voru út tvö sjóvarnarverkefni á Álftanesi, við Blikastíg og Hliðsnes, í október 2018. Samið var við lögstjóðanda, Óskaverk ehf. Verktaki hóf vinnu í desember 2018. Á verktíma var samið við verktaka um byggingu sjóvarnar við kirkjugarðinn á Bessastöðum. Verkinu lauk í nóvember 2019.

Seltjarnarnes:

Boðnar voru út sjóvarnir á tveimur stöðum á Seltjarnarnesi, 90 m lenging við Ráðagerði og 130 m lenging við Nesvöll í október 2019. Samið var við lögstjóðanda J.G. Vélar ehf. Verkið hófst í desember 2019 og því lauk í febrúar 2020.

Fylgiskjal 4 Ársreikningur 2019

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vegagerðin er ríkisaðili í A-hluta sem starfar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Vegagerðin í núverandi mynd varð til með sameiningu hluta Siglingastofnunar og stærsta hluta Vegagerðarinnar þann 1. júlí 2013. Veturinn 2018-2019 fór fram stefnumótunarvinna sem skilaði fimm ára framtíðarsýn til ársins 2025 sem felur í sér þá sýn að Vegagerðin stýri uppbyggingu og þjónustu samgöngukerfisins á sjó og landi með samkeppnishæfni Íslands, sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi.

Vegagerðin starfar samkvæmt lögbundnu hlutverki sínu þar sem m.a. kemur fram að „Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.“

Stefna Vegagerðarinnar í hnotskurn byggir á fimm þáttum. **Öruggum samgöngum**, þannig að við uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins séu greiðar samgöngur og öryggi einstaklinga forgangsráði svo ekki komi til alvarlegra slysa. **Upplýsingum og þekkingu**, þannig að Vegagerðin miðli faglegum upplýsingum um samgöngukerfið til stjórnvalda, sveitarfélaga og atvinnulífs og efli þannig grundvöll stefnumótandi ákvarðanatöku. **Skipulagi og starfsemi**, þannig að innviðir Vegagerðarinnar byggji á skilvirkri stjórnun, straumlínulöguðum ferlum, öflugum tækjabúnaði og virku gæðakerfi. **Þjónustu**, þannig að Vegagerðin sé þjónustumiðuð stofnun sem nýti tækniþekkingu til umferðarstýringar og bættis samgönguöryggis með notendavænni þjónustu og miðlun upplýsinga í rauntíma. Og **sambættingu samgöngumáta**, þannig að Vegagerðin sé leiðandi í skipulagi og uppbyggingu vistvænna og sambættra samgöngumáta á landsvísu í nánu samstarfi við stjórnvöld og sveitarfélög.



Strandavegur (643), fyrirhugað er að breyta legu vegarins um Veiðileysuháls.



Á árinu 2019 var ársvelta kr. 22.009,7 milljónir og afkoma kr. 57,9 milljónir. Samvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -20.385,3 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 616.803,0 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum og eiginfjárstöðu Vegagerðarinnar í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningslög.

Reykjavík 28. október 2020

Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri

Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Yfirlit um afkomu ársins 2019 (Fjárhæðir eru í kr.)	Skýringar	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	9.672.500.000	9.166.200.000
Seld vara og þjónusta	4	682.386.489	590.277.777
Framlög og ýmsar tekjur	5	1.299.898.583	861.705.182
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	10.354.921.542	10.000.176.432
Tekjur samtals		22.009.706.614	20.618.359.391
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	3.858.241.884	3.653.396.486
Framlög og tilfærslur	7	4.695.945.871	4.185.031.523
Annar rekstrarkostnaður	8	3.060.873.343	3.020.800.177
Afskriftir	9	10.354.921.542	10.000.176.432
Gjöld samtals		21.969.982.640	20.859.404.618
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		39.723.974	-241.045.227
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	10	20.350.548	4.415.496
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	11	-2.148.230	-353.770
		18.202.318	4.061.726
Afkoma ársins		57.926.292	-236.983.501
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	3	800.834.716	1.671.948.022
Rekstrartilfærslur		-742.908.424	-2.014.231.523
Fjármagnstilfærslur		0	105.300.000
		57.926.292	-236.983.501

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019 (Fjárhæðir eru í kr.)	Skýringar	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		57.926.292	-236.983.501
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		10.354.921.542	10.000.176.432
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		-10.354.921.542	-10.000.176.432
Tekjufærsla vegna endurgreiðslu hlutafjár í Speli ehf.		-12.714.651	0
		45.211.641	-236.983.501
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		-63.442.295	403.422.093
Tengdir aðilar		1.630.425.672	-1.566.383.211
Birgðir		-163.686.148	-68.673.389
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldur		-155.154.571	-765.312.756
		1.248.142.658	-1.996.947.263
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		1.293.354.299	-2.233.930.764
Fjárfestingahreyfingar			
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.789.665	77.169.142
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		-26.826.716.650	-23.447.957.379
Endurgreiðsla hlutafjár í Speli ehf.		22.714.651	0
		-26.802.212.334	-23.370.788.237
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins		-105.532.609	0
Fjárfestingarframlag		25.590.632.609	25.801.100.000
		25.485.100.000	25.801.100.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		-23.758.035	196.380.999
Handbært fé í byrjun árs		1.271.085.758	1.074.704.759
Handbært fé í árslok		1.247.327.723	1.271.085.758



Súgandafjarðarvegur (65). Vegafé við Suðureyri við Súgandafjörð.



Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

„Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.“

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	10 ár
Vegir - undirbygging - burðarlag	25 ár
Vegir - undirbygging - styrktarlag	50 ár
Vegir - undirbygging - fylling	innan við ár
Vegir - slitlög - mól	5 ár
Vegir - slitlög - klæðingar	7 ár
Vegir - slitlög - malbik	10 ár
Brýr	50 ár
Önnur mannvirki	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirliti um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirliti um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi. Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningssskila
- leiguskuldbinding: Óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



Hringvegur (1). Síðsumarkvöld í Borgarfirði, 1. september 2019.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

3. Tekjufærsla fjárveitinga	2019	2018
Fjárveiting ársins	9.672.500.000	9.470.800.000
Rekstrarfjárveiting, flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	-304.600.000
Tekjufærsla fjárveitinga	9.672.500.000	9.166.200.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	10.354.921.542	10.000.176.432
	20.027.421.542	19.166.376.432

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	6.008.400.000	3.318.600.000	96.100.000	9.423.100.000
Fjárukalög	0	258.000.000	-96.100.000	161.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	87.500.000	0	0	87.500.000
Fjárveiting til tekna ...	6.095.900.000	3.576.600.000	0	9.672.500.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	-5.295.065.284	-4.319.508.424	0	-9.614.573.708
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	800.834.716	-742.908.424	0	57.926.292

4. Seld vara og þjónusta	2019	2018
Sérfræðiþjónusta og verksala	613.421.153	526.857.118
Ýmsar þjónustutekjur	259.616	607.518
Vörusala II	68.705.720	62.813.141
	682.386.489	590.277.777

5. Framlög og ýmsar tekjur	2019	2018
Leigutekjur og kostnaðarhlutdeild	1.018.120.625	867.888.299
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	13.000.000	0
Ýmsar tekjur	268.777.958	-6.183.117
	1.299.898.583	861.705.182

6. Laun og launatengd gjöld	2019	2018
Laun	3.136.821.262	2.946.405.898
Orlof, breyting	-15.259.894	956.775
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	2.332.704	2.304.394
Launatengd gjöld	734.347.812	703.729.419
	3.858.241.884	3.653.396.486

Meðalfjöldi stöðugilda	292,0	287,9
------------------------------	-------	-------

7. Framlög og tilfærslur	2019	2018
Rekstrartilfærslur	4.695.945.871	4.185.031.523
	4.695.945.871	4.185.031.523
8. Annar rekstrarkostnaður	2019	2018
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	6.807.960	10.223.666
Byggingarvörur, almennar	225.592.071	236.492.299
Byggingarvörur, aðrar	443.427.223	500.873.035
Tæki og búnaður til innréttinga	5.440.791	1.809.346
Ýmis tæki og áhöld	169.741.509	232.515.221
Varahlutir og viðhaldsvörur	134.920.139	197.115.313
Orkugjafar	444.094.524	432.928.392
Matvæli	9.660.884	9.075.989
Almennar rekstrarvörur	48.734.816	44.318.928
Vörukaup, almenn	1.488.419.917	1.665.352.189
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar ...	425.057	6.351.392
Ýmsar sérgreindar vörur	200.621.106	237.894.347
Vörukaup sérgreind	201.046.163	244.245.739
Fundir, námskeið, risna	53.713.183	57.241.709
Ferðir, upphald	262.906.615	250.435.168
Akstur	361.468.144	347.987.817
Sérfræðiþjónusta	2.710.035.880	2.202.675.377
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld ...	2.516.797	2.268.470
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	13.172.318	8.759.202
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta ...	59.709.620	66.014.396
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	3.463.522.557	2.935.382.139
Afnotagjöld	121.922.993	120.560.942
Leigugjöld	122.246.392	294.198.931
Notkun véla og flutningstækja	994.352.161	953.127.273
Verkkaup	210.876.572	177.871.397
Áhættutap og bætur	9.441.418	20.036.354
Tryggingar, lögboðnar	50.814.456	39.588.034
Opinber gjöld	119.548.307	67.093.206
Tapaðar kröfur	1.720.167	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	1.630.922.466	1.672.476.137
Vörukaup II	1.418.830.243	1.392.216.395
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	-16.137.870	-178.446.346
Vörur til endursölu og birgðabreyting	1.402.692.373	1.213.770.049
Samtals annar rekstrarkostnaður	8.186.603.476	7.731.226.253
Annar rekstrarkostnaður eignfærður sem varanlegir rekstrarfjármunir	-5.125.730.134	-4.710.426.076
Annar rekstrarkostnaður samtals	3.060.873.342	3.020.800.177

9. Afskriftir	2019	2018
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	43.634.426	42.919.172
Lækninga- og rannsóknartæki	17.603.618	28.857.925
Farartæki og vélar	342.785.701	301.722.748
Aðrar eignir	11.776.975	14.025.488
Samgöngumannvirki	9.939.120.822	9.612.651.099
	<u>10.354.921.542</u>	<u>10.000.176.432</u>

10. Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2019	2018
Ýmsar fjármunatekjur	20.350.548	4.415.496
	<u>20.350.548</u>	<u>4.415.496</u>

11. Vaxtagjöld, verðbætur og gengishagnaður	2019	2018
Fjármagnskostnaður	766.244	323.752
Gengistap, verðbreytingar	1.381.986	30.018
	<u>2.148.230</u>	<u>353.770</u>

12. Varanlegir rekstrarfjármunir	2019	2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Samgöngumannvirki	603.583.000.149	588.603.638.393
Áhöld, tæki og búnaður	260.181.482	263.552.865
Farartæki og vélar	7.087.749.005	5.582.153.920
Aðrar eignir	24.761.034	35.051.383
	<u>610.955.691.670</u>	<u>594.484.396.561</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig í árslok:

	Samgöngu- mannvirki	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða í					
upphafi árs	838.835.495.242	601.885.118	6.973.981.650	159.323.613	846.570.685.623
Víðbætur					
á árinu	24.918.482.578	57.866.661	1.854.234.686	1.486.626	26.832.070.551
Selt/niður- fært á árinu	0	0	-56.051.198	0	-56.051.198
	<u>863.753.977.820</u>	<u>659.751.779</u>	<u>8.772.165.138</u>	<u>160.810.239</u>	<u>873.346.704.976</u>
Afskriftir í					
upphafi árs	250.231.856.849	338.332.253	1.391.827.730	124.272.230	252.086.289.062
Selt/niður- fært á árinu	0	0	-50.197.298	0	-50.197.298
Afskrift ársins ..	<u>9.939.120.822</u>	<u>61.238.044</u>	<u>342.785.701</u>	<u>11.776.975</u>	<u>10.354.921.542</u>
	<u>260.170.977.671</u>	<u>399.570.297</u>	<u>1.684.416.133</u>	<u>136.049.205</u>	<u>262.391.013.306</u>
Staða í					
upphafi árs	588.603.638.393	263.552.865	5.582.153.920	35.051.383	594.484.396.561
Staða í árslok ...	603.583.000.149	260.181.482	7.087.749.005	24.761.034	610.955.691.670

Verkefni - framkvæmdir	2019	2018
Dýrafjarðargöng, Vestfjarðavegur, Rauðsstaðir – Drangar 60-39	3.589.422.939	2.598.136.557
Hringvegur 1-D6, Selfoss – Hveragerði	1.937.311.871	152.720.324
43 Grindavíkurvegur, 01 Reykjanesbraut - Blálónsvegur	718.756.383	456.759.391
Reykjanesbraut 41-12	705.653.785	180.944.000
Landeyjahöfn	517.629.838	739.749.607
Skaftártunguvegur 208-00	460.034.126	111.135.776
Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði	390.723.720	0
Norðfjarðargöng 92-10	375.272.295	308.088.548
Skriðdals- og Breiðdalsvegur	363.339.493	131.142.165
Borgarfjarðarvegur 08	362.559.508	0
Dettifossvegur 862-03	334.007.135	0
Hringvegur 1-V8 um Hornafjarðarfljót	316.514.434	0
Botndælubúnaður Landeyjahöfn	314.078.799	0
Hringvegur 1-U4	256.444.077	997.421.518
Vatnsnesvegur 711-03	216.921.711	0
Borgarfjarðarvegur um Vatnsskarð	191.132.672	0
Hafnarfjarðarvegur 40-06	183.724.410	0
Djúpvegur, Hestfjarðará – Eyrarkirkjuvegur	179.258.056	0
Breiðdalsá (95-05)	150.782.307	0
Norðausturvegur 85-31-1	149.028.991	0
Kjósarskarðsvegur (48-02), Meðalfellsvegur - sýslumörk	144.781.019	261.125.154
Laxárdalsvegur, Gröf – Lambey	131.286.611	0
Sjóvarnargarðar stofnkostnaður	125.974.476	0
Hringvegur um Steinavötn	120.076.218	0
Skorradalsvegur (508-02-03)	100.028.618	0
Vesturlandsvegur við Esjumela	99.224.697	317.601.393
Hjóla- og göngustígar Reykjavík	84.299.317	160.231.931
Kísilvegur (87-02), Geitafell – Kollóttalda	83.212.127	264.911.390
Grafningsvegur efri 360-02	77.934.120	117.112.187
Strandavegur um Bjarnarfjarðarháls	55.510.590	237.272.911
Uxahryggjavegur, Borgar – Gröf	34.845.865	124.045.712
Dettifossvegur 862-02	17.052.644	552.108.844
Hafnavegur (44), Reykjanesbraut	513.728	167.892.770
Breiðholtsbraut (413), göngubrú	0	176.214.493
Stigá	0	112.280.246
Hólá	0	101.703.026
Annað	2.295.036.922	2.387.859.674
Samtals	15.082.373.502	10.656.457.617
Viðhald	2019	2018
Viðhald bundinna slitlaga	4.728.688.821	5.442.321.515
Styrkingar og endurbætur	1.802.404.142	2.427.273.421
Viðhald malarvega	1.158.829.585	1.182.058.697
Viðhald brúa	699.722.114	498.478.758
Umferðaröryggi	476.386.166	508.827.371
Annað	970.078.248	981.604.514
Samtals	9.836.109.076	11.040.564.276

Þjónusta	2019	2018
Vetrarþjónusta	3.407.808.601	3.365.749.077
Vegmerkingar og vegbúnaður	1.510.281.994	1.495.322.100
Önnur þjónusta	677.149.051	883.177.193
Samtals	5.595.239.646	5.744.248.370

13. Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Spölur ehf.	1	500.000	500.000
		500.000	500.000

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

14. Birgðir

	31/12/2019	31/12/2018
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II)	1.060.306.775	896.620.627
	1.060.306.775	896.620.627

15. Viðskiptakröfur

	31/12/2019	31/12/2018
Viðskiptakröfur	344.368.911	250.844.447
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	344.368.911	250.844.447

16. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31/12/2019	31/12/2018
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	2.596.225.886	4.450.020.219
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	251.068.487	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	347.543.789	347.543.789
	3.194.838.162	4.797.564.008



Enn eru nokkrar einbreiðar brýr á Hringveginum (1) en þeim fer þó fækkandi. Árið 2019 voru byggðar sjö nýjar brýr í stað einbreiðra.

17. Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	31/12/2019	31/12/2018
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	30.082.169
Skattar	0	0
	0	30.082.169

18. Handbært fé	31/12/2019	31/12/2018
Sjóðir	0	0
Tékkareikningar	1.247.327.723	1.271.085.758
	1.247.327.723	1.271.085.758

19. Eigið fé	31/12/2019	31/12/2018
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Jöfnuður 1.1	-20.337.785.348	-20.100.801.847
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	0
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	-105.532.609	0
Afkoma ársins	57.926.292	-236.983.501
Jöfnuður 31.12.	-20.385.391.665	-20.337.785.348

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 347,5 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga um opinber fjármál liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerðar til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

20. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	31/12/2019	31/12/2018
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	0
Viðskiptareikningur við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	19.868.154.110	19.840.454.284
	19.868.154.110	19.840.454.284

21. Viðskiptaskuldir	31/12/2019	31/12/2018
Viðskiptaskuldir	2.079.660.313	1.959.938.155
	2.079.660.313	1.959.938.155

22. Ýmsar skammtímaskuldir	31/12/2019	31/12/2018
Ógreitt orlof	372.744.677	388.004.571
Ógreidd laun	0	0
Önnur ógreidd gjöld	20.234.740	256.986.272
Skattar	0	22.865.303
	392.979.417	667.856.146



Kísilvegur (87). Nýlagður vegur, 4. september 2019.

23. Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31/12/2019	31/12/2018	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga ..	610.956.191.670	594.484.396.561	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.891.439.395	5.125.733.772	
	614.847.631.065	599.610.130.333	
	Frestaðar	Fjárfestinga-	Samtals
	tekjur vegna	fjárveiting	frestaðar
	fjárfestinga		tekjur
Staða 1.1.2019	594.484.396.561	5.125.733.772	599.610.130.333
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	25.485.100.000	25.485.100.000
Leiðrétting á fjárfestingarheimildum samkvæmt fjármálaráðuneytinu	0	105.532.609	105.532.609
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	0	0
Gjafir til fjárfestinga	0	0	0
Bókfært verð seldra eigna	-5.853.900	5.853.900	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	1.789.665	1.789.665
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	26.832.070.551	-26.832.070.551	0
Fjárf. í óefnislegum eignum	0	0	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	-10.354.921.542	0	-10.354.921.542
	610.955.691.670	3.891.939.395	614.847.631.065

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 10,6 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

24. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Verksamningar sem Vegagerðin er aðili að, skipta hundruðum. Þeir verða ekki taldir upp sérstaklega hérna.

Eftirtaldir húsaleigusamningar teljast skuldbindandi samningar fyrir Vegagerðina:

Borgartún 5-7 Reykjavík. Eigandi Ríkiskaup.
Áætluð ársleiga á árinu 2020 er 61 m.kr.

Hringhella - Hafnarfjörður. Eigandi Vörubílastöð Hafnarfjarðar.
Áætluð ársleiga á árinu 2020 er 18,5 m.kr.

Suðrhraun 3 - Garðabær. Eigandi RA 5 hf.
Áætlað er að taka húsnæðið í notkun í október 2020.
Mánaðarleiga er 16,1 m.kr.

Vegagerðin hefur gert samning um Borgarlínu og skal hún verja allt að 300 m.kr. á árinu 2019 og 500 m.kr. á árinu 2020 til undirbúnings. Samningurinn gildir til 31.12.2020

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru opnar á Vegagerðina þann 31.12.2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1. 1. 2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á lögum um opinber fjármál.

Óafturkallanleg loforð

Ekkert óafturkallanlegt loforð er opið hjá stofnuninni.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

Myndir á baksíðu

1.1 Kópanesviti á Vestfjörðum var byggður árið 1971.

1.2 Unnið að brotprófunum við gömlu brúna yfir Steinavötn sem skemmdist í flóðum haustið 2017.

2.1 Framkvæmdir við Dettifossveg (862).

2.2 Borgarfjarðarvegur (94) um Njarðvíkurskriður, nýlagður vegur, 5. september 2019.



Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2019

Vegagerðin, janúar 2021

